<p>Virt: 30/1 1979.</p> <p>Breytingar hafa verið gerðar á húsinu frá síðasta mati. Húsið er 4.hæðir og ris. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: var einn geymur er er orðið að skrifstofu nú, snyrtiherbergi með tilheyrandi, kaffistofa. Allt málað dúklagt að hluta og tvöfalt gler í gluggum. Hurðir eru málaðar og einnig úr harðviði.</p> <p>2.- 3.- og 4.hæð: Þar hafa orðið sömu breytingar og lagfæringar og á 1.hæð.</p> <p>Ris: óbreytt frá síðasta mati.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 20.0 m., Br. 12.0 m., H. 9.6 m.,</p> <p>L. 4.3 m., Br. 12.0 m., Kj. 2.4 m.</p> <p>L. 20.0 m., Br. 10.0 m., H. 3.7 m., Ris. 2.10 m. = 3.378 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>kr. 101.340.000.-</p>

Möt framkvæmd: 1/11/1942.	Metið kr.
<p>a. Ibúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plögðum 5/4" borðum, pappa, listum og jární þar yfir á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og milligólf í báðum bitalögum. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 2 fastir skápar. Allt þiljað og 2 herbergin með pappa á veggjum og striga og pappir á loftum, allt málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, 2 geymsluklefar og gangur. Allt þiljað og herbergin máluð. Á milli sperra er pappi bak við þiljur. Kjallari með steinsteypugólfi og timburgólfi ofan á því er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað og málað innan. Ennfremur eru þar 2 geymsluklefar.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 2.8 m. ris 2.8 m. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Inngönguskúr er við norðurgöfl hússins, með risi og kjallara, byggður eins og það. Þar eru 2 gangar og fastur skápur. Í kjallaranum er geymsluklefi, gangur og v.s.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 2.5 m. h. 3.1 m. ris 0.8 m. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	43.560.-
<p>b. Geymsluskúr er byggður úr steinsteypu á 2 hliðar, en hinar 2 hliðarnar eru úr bindingi, klæddar utan jární á langböndum. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og jární. Skilveggur er yfir þveran skúrinn úr binding og borðaklæðningu. Í öðrum enda hans eru 4 hestabásar úr timbri og timburflekar yfir steinsteypugólfi. Þar eru veggir þiljaðir innan á bindingi. Hinn hluti skúrsins er aðallega geymsla fyrir hey.</p> <p>Stærð: L. 9.0 m. br. 4.6 m. h. 2.1 m. skápak.</p>	
<p>Skúrinn er virtur á.....</p>	4.300.-
<p>c. Bifræðaskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Skúrinn er hólfaður í tvennt með timburskilvegg. Hann er með steinsteypugólfi og múrsléttaður er hann utan.</p> <p>Stærð: L. 5.1 m. br. 3.5 m. h. 2.4 m. skápak.</p>	
<p>Skúrinn er ásamt tilheyrandi, virtur á.....</p>	4.360.-
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	<p style="text-align: right;">52.220.-</p> <p>=====</p>

Gata og númer:

V i t a s t í g u r 8.

Möt framkvæmd 21/6/1928.	Metið kr.
<p>a. Ibúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa og jární á veggjum og þaki. Niðri eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, sem allt er þiljað, strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað. Uppi er sama herbergjaskipun og útbúnaður eins og er niðri. Öll gólf í húsinu eru tvöföld. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar er trégólf. Dúkar eru á gólfum og tvennar steinsteyputröppur eru við húsið. I kjallaranum er íbúð.</p>	
Stærð: L. 6.9 m. br. 6.3 m. h. 5.3 m. ris 3.1 m. kjh. 2.2 m.	
Inngönguskúr er byggður eins og húsið.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 1.9 m. h. 2.8 m. skápak, kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	14.239.-
b. Heyhleð og gripahús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð.	
Stærð: L. 6.9 m. br. 8.8 m. h. 3.1 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	1.891.-
Samtals	16.130.-

Gata og númer:

V i t a s t í g u r 8 a.

Möt framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og verzlunarhús, þrílyft, með 2 kvistum og risi, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en gólf neðstu hæðar og allir skilveggir hæðanna eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Í neðstu hæðinni er sölubúð og íbúðarherbergi, hvorutveggja málað, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, v.s. og gangur og 2 anddyri. Í 2. og 3. hæð er sama herbergjaskipun. Í hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri og gangur. Hér er allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í þaklyfti eru 5 íbúðarherbergi, v.s., anddyri og gangur. Skilveggir eru hér úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig neðan á skambita og innan á þaksperrur. Allt strigalagt, veggfóðrað og málað. Hér uppi er einnig þurrkloft. Stigar eru úr steinsteypu, með leirflísum á miðjum framstigum. Á anddyrisgólfi neðstu hæðarinnar og baðherbergjagólfum eru leirflísar. Húsið er sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 11.8 m. br. 9.3 m. h. 8.1 m. ris 4.0 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	117.580.-
b. Bifreiðaskúr er byggður úr steinsteypu, bæði veggir, þak og gólf.	
Stærð: L. 7.6 m. br. 3.5 m. h. 2.6 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	2.750.-
Samtals	120.330.- ^v

Gata og númer:

V i t a s t í g u r 9.

Möt framkvæmd: 15/7/1922.	Metið kr.
<p>a. Ibúðarhús, með kvisti, risi og kjallara, einlyft, úr bindingi, klætt utan með kansettum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðal hæðinni. Kjallari með steinsteypu-gólfí og tímurgólfí þar ofan á er undir öllu húsinu. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðal hæðinni. Auk þess eru þar geymsluklefar.</p>	
Stærð: L. 5.7 m. br. 5.7 m. h. 3.8 m. ris 2.0 m. kjh. 2.2 m.	
Inngönguskúr er við austurhlíð hússins, byggður eins og það.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 1.9 m. h. 3.8 m. skápak.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	11.074.-
<p>b. Geymsluskúr er byggður úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og jární. Í skúrnum er þvottahús og 3 geymsluklefar. 1 skilveggur og gólf hússins er úr steinsteypu. 2 skilveggir eru úr timbri.</p>	
Stærð: L. 8.7 m. br. 2.5 m. h. 2.7 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	2.020.-
Samtals	13.094.-
=====	
<p>Virt:23/6.1978.</p>	
<p>Frá síðasta mati hefur allt húsið verið endurnýjað,raflagnir nýjar,klæðningar nýjar,gluggar nýjir,einnig eldhúsinnréttingar og hreinlætistöki.</p>	
Stærðir Hússins:	
A.liður.....:L. 8,5 m.,Br. 7,5 m.,H. 5,5 m.,Ris. 1,0 m.,Kj. 2,5 m.	
A.liður.542 m ³ ervirtur á.....	kr 17.344.000.-
B.liður.....:L. 6,0 m.,Br. 3,6 m.,H. 4,4 m.,Ris. skápak. =95 m ³	kr 1.350.000.-
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....	kr 18.694.000.-

Gata og númer:

V i t a s t í g u r 9 a.

Möt framkvæmd: 1/7/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Allt er það sementsléttað utan. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur, baðherbergi og v.s. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum þar innan á. Allt lagt striga og pappir og ýmist veggfóðrað eða málað. Bitalög og gólf eru úr timbri og milligólf er í bitalögum. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt meðsamskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi. Þar eru 2 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 gangar og v.s. Allt með sama frágangi eins og er í aðalhöðum hússins. Timburgólf er yfir steinsteypugólfi. Í kjallaranum er einnig 1 geymsluklefi.</p>	
Stærð: L. 8.5 m. br. 7.5 m. h. 5.5 m. ris 1.0 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	61.300.-
<p>b. Geymsluskúr, tvilyftur, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í neðri hæðinni eru 2 geymsluklefar og þvottahús. Þar er steinsteypugólf. Í efri hæðinni er geymsluherbergi og þurrkerbergi. Skúrinn er múrslétt- aður utan.</p>	
Stærð: L. 6.0 m. br. 3.6 m. h. 4.4 m. skéþak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	6.900.-
Samtals	68.200.- ^v

Gata og númer:

V i t a s t í g u r 10.

Mät framkvæmd: 10/5/1945.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, 2 v.s., geymsluklefi og 2 gangar. Innan á útveggjum er tvöföld borðagrind með pappa í og panelþiljum innan á. Steinsteypugólf er í öllu húsinu og timburgólf á bitum þar yfir. Milligólf er í báðum bitalögum og stoppað í með sagspónum. Skilveggur úr steinsteypu er eftir endilöngu húsinu og sömuleiðis þverskilveggur án dyra, sem nær upp fyrir þak og er því lögmatur eldvarnarveggur. Aðrir skilveggir eru úr binding með tvöföldum þiljum. Neðan á loftbitum er panel og allar þiljur hússins eru lagðar striga og pappír og málað. Á þakbitum er gólf.</p>	
Stærð: L. 8.4 m. br. 8.8 m. h. 3.2 m. ris 3.1 m.	69.000 -
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	35.600.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, veggir og gólf með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli.</p>	
Stærð: L. 3.3 m. br. 3.8 m. h. 2.1 m.	2.000 -
Skúrinn er virtur á.....	700.-
Samtals	71.000 - 36.300.-

<u>Virt, 20.1.1960.</u>	
Frá síðasta mati 10. maí 1945, hafa eftirtaldat breytingar orðið á húsinu.	
1. Hæð: Þar er nú bólsturgetið, allt málað og dúklagt.	
Í þakhæð hafa verið settir nýjir gluggar, allt málað Nýtt þak hefur verið sett á húsið.	
Stærð hússins:	
L. 8.4 m., br. 8.8 m., h. 3.2 m., ris 3.1 m., = 347,42 m ³ .	
Húsið með tilheyrandi er metið á....., kr.	344.000.-

<u>Virt: 30/4 1973.</u>	
Frá síðasta mati hefur verið gerðar miklar endurbætur á	
húsinu. 1. hæðin hefur öll verið endurnýjuð. Rafmagn, hitakerfi og	
nýtt loft einangrað. Sett hefur verið nýtt salerni og handlaug.	
Hringstigi upp á 2. hæð. Skrifstofa og geymsla.	
Húsið málað utan.	
Stærð hússins:	
A. L. 8.4 m., Br. 8.8 m., H. 3.2 m., Ris. 3.1 m. = 347 m ³	2.256.000.-
B. L. 3.3 m., Br. 3.8 m., H. 2.1 m. = 26 m ³	23.000 -
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á....., kr.	2.279.000.-

Möt framkvæmd: 21/1/1942.	Metið kr.
<p>a. Ibúðarhús, úr steinsteypu, með járnpaki á pappa og borðasúð. Í aðal hæðinni eru 2 íbúðarherbergi og eldhús, geymsluklefi og gangur. Innan á útveggjum er tvöföld borðagrind með pappa í og panelþiljum innan á. Steinsteypugólf er í öllu húsinu og timburgólf á bitum þar yfir. Milligólf er í báðum bitalögum og stoppað í með sagspónum. Skilveggur úr steinsteypu er eftir endilöngu húsinu og sömuleiðis þverskilveggur án dyra, sem nær upp fyrir þak og er því lögmatur eldvarnarveggur. Aðrir skilveggir eru úr binding, með tvöföldum þiljum. Neðan á loftbitum er panel og allar þiljur hússins eru lagðar striga og pappír og málað. Á þakbitum er gólf. Stærð: L. 4.2 m. br. 8.8 m. h. 3.2 m, ris 3.1 m. Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....</p>	13.870.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu með járnpaki á pappa og borðasúð. Þar eru 3 geymsluklefar. Skilveggir eru úr timbri, en gólf úr steinsteypu. Skúrinn er múrsléttaður utan. Stærð: L. 5.0 m. br. 3.8 m. h. 2.1 m. skáþak. Skúrinn er virtur á.....</p>	560.-
<p>Samtals</p> <p>=====</p>	<p>14.430.-</p> <p>=====</p>

Gata og númer:

V i t a s t í g u r. (v/nr. 10)

Möt framkvæmd: 21/2/1939.

Metið kr.

Spennistöð, úr steinsteypu, bæði útveggir, loft og gólf. Þak er úr
borðasúð, pappa, listum og jární. Stöðin er múrsléttuð utan og holufyllt
innan.

Stærð: L. 8.0 m. br. 4.5 m. h. 4.4 m. skápak.

Stöðin er virt á.....

6.320.-[✓]

Gata og númer: Vitastígur 10(9) Rafmagnsveita Reykjavíkur.

Möt framkvæmd: 5/3/66	Metið kr.
<p>Ný dreifistöð. Byggð úr steinsteypu. Einangruð með vikri í þaki. Múrhúðuð og máluð utan. Rafmagnsupphitun.</p> <p>Stærð hússins: L 8,00m., Br. 4,50m., H. 3,25m. = 117 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>238.000.00</p>

Gata og númer:

V i t a s t í g u r 11.

Möt framkvæmd: (1/10/1941.) 15/1/1946.	Metið kr.
<p>a. Ibúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús. Allt þiljað innan og neðan á loftbita með plægðum borðum, lögðum striga og vélapappír og öll íbúðin er ýmist veggfóðruð eða máluð. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og í neðri hæðinni. Á þaklyfti er geymslu- og þurrkloft. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólf. Þar er skósmíðavinnustofa, þvottaherbergi, geymsluherbergi og gangur. Skilveggir eru hér úr timbri. Milligólf er í báðum bitalögum, með pappa og sagspónastoppi á milli gólfanna.</p>	
Stærð: L. 5.1 m. br. 7.5 m. h. 6.0 m. ris 2.5 m. kjh. 2.2 m.	
<p>Viðbygging, úr steinsteypu á 3 vegu, með þaki úr borðasúð, pappa og jární. Í neðri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi og 2 gangar. Langskilveggur er úr steinsteypu, en þverskilveggur úr binding, með tvöföldum þiljum. Gólf er úr timbri og þiljur neðan á loftbitum. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljur þar innan á. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðruð eða málað. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og er í neðri hæðinni. Á þakbitum er gólf. Þar uppi er þurrkloft. Milligólf er í öllum bitalögum og pappa og sagspónastopp er á milli gólfanna. Kjallari er undir allri viðbyggingunni með steinsteypugólfi. Þar eru 2 geymsluherbergi og miðstöðvarklefi.</p>	
Stærð: L. 3.1 m. br. 8.8 m. h. 6.0 m. ris 2.5 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	49.840.-
<p>b. Ibúðarskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Þar eru 2 íbúðarherbergi, 2 eldhús og 2 anddyri. Skilveggir eru úr timbri og þiljað er innan á útveggi og neðan á loftbita, allt strigalagt, veggfóðruð og málað innan. Steinsteypugólf er í skúrnum og timburgólf þar yfir. Skúrinn er múrsléttaður utan.</p>	
Stærð: L. 13.8 m. br. 3.4 m. h. 3.4 m. skáþak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	13.300.-
<p>Samtals</p>	63.140.-
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati.</p>	
Stærð íbúðarhúss: L. 5.1 m. br. 7.5 m. h. 6.0 m. ris 2.5 m. kjh. 2.2 m.	
" viðbygg: L. 5.3 m. br. 8.8 m. h. 6.0 m. ris 2.5 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	184.500.-
B. Ibúðarskúr: L. 13.8 m. br. 3.4 m. h. 3.4 m. skp. Virtur ásamt tilh. á.....	38.200.-
<p>Samtals</p>	222.700.-

Gata og númer:

V i t a s t í g u r 12.

Möt framkvæmd: 1/9/1941.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og jární á þaki og múrhúð á veggjum. Í binding er fyllt með marhálmi og milligólf er í neðra bitalagi. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 2 fastir skápar. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni eru 2 íbúðarherbergi og eldhús. Allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er þvottahús og 2 geymsluherbergi.</p>	
Stærð: L. 6.3 m. br. 5.7 m. h. 4.3 m. ris 1.9 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	26.795.-
<p>b. Inngönguskúr, úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa, vírneti og múrhúð í skúrnum eru anddyri, gangur, baðherbergi og v.s. Allt er þetta þiljað innan, striga- og pappírslagt og olíumálað.</p>	
Stærð: L. 2.6 m. br. 6.3 m. meðalh. 3.2 m. skápak, kjh. 2.0 m.	
Skúrinn er virtur á.....	3.710.-
<p>c. Geymsluskúr, úr timbri, múrhúðaður utan.</p>	
Stærð: L. 3.1 m. br. 5.7 m. h. 2.1 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	1.480.-
<p>Samtals</p> <p>=====</p>	<p>31.985.-</p> <p>=====</p>
Virt: 23/10 1975.	
<p>Frá síðasta mati hefur húsið verið klætt að innan með viði og hurðir klæddar. Nýjar lagnir eru í húsinu. Þakhæðin hefur verið máluð, en kjallari er óbreyttur.</p>	
Stærð hússins:	
A. L. 6.3 m., Br. 5.7 m., H. 4.3 m., Ris. 1.9 m., Kj. 2.0 m. = 259 m ³	3.108.000 -
B. L. 3.2 m., Br. 7.0 m., H. 3.2 m. Kj. 2.0 m. = 116 m ³	1.120.000.-
L.10.65m., Br.11.17m., H. 3.0 m. = 357 m ³	1.785.000.-
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.	6.013.000.-

Gata og númer: Vitastígur 13.

Möt framkvæmd: 17/2 1978.	Metið kr.
<p>Nýtt skrifstofu og efnalsugar húsnæði. Húsið sem er 3.hæðir og kjallari er steinsteypt, einangrað með plasti, slétthúðað og málað að utan. Þakgerð er pappi.</p> <p>1.hæð: Þar er amddyri, afgreiðsla, salur, snyrting, vinnuherbergi, steinflögur á gólfum og veggir eru málaðir. Tvöfalt gler er í gluggum og eru harðviðarhurðir.</p> <p>2.hæð: Þar er gangur, skrifstofu-herbergi, kaffistofa, snyrting. Veggir eru málaðir og eru harðviðarhurðir. Tvöfalt gler er í gluggum.</p> <p>3.hæð: Er eins og 2.hæð.</p> <p>Kjallari: Þar eru einungis geymslur.</p> <p>L. 10.6 m., Br. 9.5 m., H. 9.1 m., Kj. 2.3 m. } L. 10.6 m., Br. 6.32m., H. 4.0 m. } = 1.416.0 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 39.648.000.-</p>	

Gata og númer:

V i t a s t í g u r 14.

Möt framkvæmd: 11/9/1924. 29/4/1967	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og milligólf í báðum bitalögum. Í eðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi og eldhús. Allt þiljað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 3 geymsluherbergi, 2 með steinsteypugólfi og 1 með timburgólfi.</p> <p>Stærð: L. 5.0 m. br. 5.6 m. h. 3.8 m. ris 2.2 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurhlið hússins byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 1.9 m. h. 5.0 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	8.052.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Steinsteypuveggur er yfir það þvert og er því skipt í bifreiðaskýli og geymsluherbergi. Timburgólf er í skúrnum.</p> <p>Stærð: L. 5.5 m. br. 4.5 m. h. 2.3 m. skápak.</p>	
<p>Skúrinn er virtur á.....</p>	1.425.-
	<p style="text-align: right;">Samtals ===== 9.477.-</p>
<u>Virt:29/4/1967.</u>	
<p>Húsið óbreytt að stærðum frá síðasta mati, 11/9/1924. 1. og 2. hæð óbreyttar en í kjallara er nú 1 herbergi, eldhús, og v. s. allt málað og dúklagt og klætt innan. Aðeins húsin metist.</p>	
Stærð hússins:	
A: L. 5.0 m., br. 5.6 m., h. 3.8 m., ris 2.2 m., kj. 2.2 m.	
" L. 1.9 m., br. 1.9 m., h. 5.0 m., ris aká þ., kj. 2.2 m., = 225.00 m ³	
Húsið ásamt tilheyrandi, er virt á.....	k. r 520.000.-
<u>Virt:14/7.1981.</u>	
<p>Húsið hefur verið aft endurnýjað að innan frá síðasta mati. Stærðir hússins eru óbreyttar frá síðasta mati.</p>	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....	A.liður.....kr 300.375.-
	B. liður.....kr 26.100.-

Gata og númer:

V i t a s t í g u r 14 a.

Möt framkvæmd: 17/3/1923. 29/4/1967	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús m/rakarastofu, einlyft, með porti, risi og kvisti, úr holsteiní, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Gólf og skilveggur eftir endilöngu húsinu er úr steinsteypu. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, rakarastofa, v.s. og 2 gangar. Innan á útveggjum er grind úr plankarenningum með pappa í og panelþiljum innan á. Þverskilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum panelþiljum. Neðan á loftbitum eru panelborð lögð striga og pappír, allt málað. Ganga-gólfín eru lögð leirflísúsum. Í efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni, að öðru leyti en því, að hér eru allir veggir striga- og pappírslagðir undir málningu. Í þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, þurrkloft, 2 fastir skápar, geymsluklefi og gangur. Með sama frágangi eins og er í efri hæðinni. Milligólf er í báðum bitalögum með pappa og sagspónastoppi á milli. Stærð: L. 7.5 m. br. 8.8 m. h. 7.2 m. ris 2.8 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	26.105.-
<p>b. Geymsluhús úr bindingi á 3 hliðar, en eldvarnarveggur er að vestanverðu. Þak er úr borðasúð, pappa og jární. Stærð: L. 3.7 m. br. 7.5 m. h. 2.1 m. skáþak.</p>	
Húsið er virt á.....	1.180.-
<p>c. Þvottahús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Þar er steinsteypugólf. Stærð: L. 2.5 m. br. 3.1 m. h. 2.2 m. skáþak.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	750.-
Samtals	28.035.-
Virt: 29/4/1967.	
Frá síðasta mati, 17/3/1923, hafa þær breytingar orðið á húsinu. Á 1. hæð eru nú 3 einstaklingsíbúðir með einu eldhúsi, snyrtin með hverri íbúð, allt málað og dúklagt. Á 2. hæð er ein íbúð með nýrri eldhúsinnréttingu, nýju baði, skápar innbyggðir æ í svefnherbergi, allt málað og sumt dúklagt.	
Í risi er ein íbúð, nýtt eldhús, einangrað háaloftið, nýir skápar. Allt málað og dúklagt. Aðeins husin metist.	
Stærð hússins: A: 7.5 m., br. 8.8 m., h. 7.2 m., ris 2.8 m., = 568.00 m ³	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	kr. 1.477.000.-

Gata og númer:

VITASTÍGUR 15

Mót framkvæmd: 25.07.80.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétthúðað og málað að utan og með bárujárnsþaki. Húsið er 3 hæðir og kjallari.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, skáli, 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherb. með kerl., v.s. og handlaug. Innbyggðir skápar eru. Veggir eru málaðir og tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið.</p> <p>Á 2. hæð er stigahús, 2 skálar, 2 eldhús. Innbyggðir skápar eru. Veggir eru málaðir og gólfín ýmist máluð eða dúklögð. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið.</p> <p>Á 3. hæð er stigahús en annars er eins innréttað og á 2. hæð. Í kjallara er anddyri, og 5 geymslur og þvottahús. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru málaðar.</p> <p>Opið bílastæði fyrir 2 bíla gengur inn undir húsið að hl.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <p>L. 12,58 m., br. 7,00 m., h. 2,70 m., kj. 2,40 m.</p> <p>" 12,58 " " 8,50 " " 5,70 " ris 1,10 " Samt. 1.132,8 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	80.942.000,00

Gata og númer:

V i t a s t í g u r 15.

Möt framkvæmd: 11/9/1924.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og jární þar yfir á veggjum og þaki. Í binding og innan á binding er pappi og milligólf í neðra bitalagi. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í þaklyfti er gólf úr plögðum borðum. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu.</p>	
Stærð: L. 5.0 m. br. 5.6 m. h. 2.8 m. ris 2.5 m. kjh. 2.1 m.	
Inngönguskúr er við norðurgافل hússins, byggður eins og það. Þar er v.s.	
Stærð: L. 1.3 m. br. 2.2 m. h. 4.0 m. ris 0.8 m. kjh. 2.1 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	6.855.-
<p>b. Geymsluskúr, úr bindingi á 2 vegu, með jární á langböndum á 2 vegu og þaki. Hálf eldvarnarhlið er að norðanverðu og eldvarnargافل að austanverðu. Skúrinn er allur með steinsteypugólfi og hólfæður í þrennt; heyhús, hesthús og smíðju, sem er járnfóðruð innan.</p>	
Stærð: L. 7.9 m. br. 3.1 m. h. 3.1 m. skáþak.	
Skúrinn er virtur á.....	1.849.-
	Samtals 8.704.-
	=====

Gata og númer:

V i t a s t í g u r 16.

Möt framkvæmd 15/10/1943. 30/3/1961.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og jární þar yfir á veggjum og þaki. Í útveggi og bitalög er fyllt með sagi. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og fastur skápur. Allt þiljað og herbergin með pappa á veggjum og striga og pappír á loftum, allt málað. Á efri bitum er gólf úr plægðum borðum. Kjallari er undir öllu húsinu.</p> <p>Stærð: L. 5.7 m. br. 5.6 m. h. 3.0 m. ris 1.9 m. kjh. 1.6 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturhlíð hússins, byggður eins og það. Skúrinn er hólfður í tvennt.</p> <p>Stærð: L. 3.1 m. br. 1.9 m. h. 2.2 m. skápak, kjh. 1.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>26.240,-</p>
<p><u>Virt 30/3. 1961.</u></p> <p>Frá síðasta mati, 15/10 1943, hefur húsið verið stækkað. Stækkunin er úr timbri, bárujárnsklædd. Einangrað með gosull og múrhúsað innan. Bárujárn er á þaki. Hitaveita.</p> <p>Á 1. hæð er nú forstofa, innri forstofa, 2 íbúðarherbergi, eldhús og baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug. Allt málað og dúklagt. Eldhúsinnréttingar nýjar, rafmagn og miðstöðvarkerfi einnig nýtt.</p> <p>Í þakhæð eru nú, stigi, forstofa, 2 íbúðarherbergi. Einangrun í þaki er tvöföld texklæðning. Málað og dúklagt.</p> <p>Kjallari hefur verið dýpkaður, hlaðinn úr holsteini. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/steypu, v. s. og handlaug, 2 forstofur, geymsla og þvottahús. Málað og dúklagt.</p> <p>Inngönguskúr hefur verið rifinn.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 9.00 m., br. 5.82 m., h. 3.00 m., kjh. 2.3 m</p> <p>Þakh. " 5.80 " " 5.82 " " 2.00 " = 339.9 m³.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á..... kr.</p>	<p>326.300.-</p>

Gata og númer: VITASTÍGUR 17.

Möt framkvæmd: 28/2/1961.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 3 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétt húðað og málað og með bárujárns þaki.

Á 1. hæð er anddyri, forstofa, 4 íbúðarherbergi, eldhús, kerlaug og v. s. m/handlaug. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum. Hurðir úr harðviði.

Önnur hæð er eins og 1. hæð.

Þriðja hæð er eins og 1. hæð.

Þakhæð er ónothæf.

Í kjallara er anddyri, forstofa, 2 íbúðarherbergi, eldhús og v. s.. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum. Hurðir eru málaðar. Auk þess er þvottahús, kyndiklefi og geymsla.

Stærð hússins:

L. 11.3, br. 8.65, h. 8.0, ris 1.25, kj. 2.5 = 1.087.4 rúmm.....kr. 1.141.800. -

Gata og númer:

V i t a s t í g u r 18.

Möt framkvæmd: 11/9/1924.

Metið kr.

Íbúðarhús, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og listar og milligólf í neðra bitalagi. Í aðelrhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu. Í honum er 1 íbúðarherbergi og skápur.

Stærð: L. 5.7 m. br. 5.6 m. h. 3.0 m. ris 1.6 m. kjh. 1.9 m.

Inngönguskúr er við vesturhlíð hússins, byggður eins og það.

Stærð: L. 1.3 m. br. 1.3 m. h. 2.2 m. skápak, kjh. 1.9 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

6.741.-^v
=====

Gata og númer:

V i t a s t i g u r 18 a.

Möt framkvæmd: (11/8/1925.) (20/12/1946.) 28/2/1953.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, einlyft, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðalhæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og plægðum þiljum þar innan á. Skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum þiljum. Einnig eru þiljur neðan á loftbitum. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi. Þar er 1 íbúðarherbergi og eldhús. Í þessum herbergjum er timburgólf yfir steinsteypugólfinu, en að öðru leyti er þar samskonar frágangur eins og er í aðalhæðinni. Ennfremur er í kjallaranum þvottaherbergi, geymsluherbergi, v.s., og gangur. Við austurhlið hússins eru all háar steintröppur og undir þeim er geymsluklefi og inn-gangur í kjallarann.</p> <p>Stærð: L. 7.0 m. br. 5.7 m. h. 3.1 m. skáþak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>12.631.-</p>
<p>Húsið hefir verið endurbætt á ymsan hátt, sett í það miðstöð o.fl., en óbreytt í aðalatriðum. Húsið var síðast metið þann 11/8/1925.</p> <p>Stærð: L. 7.0 m. br. 5.7 m. h. 3.1 m. skáþak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>62.700.-</p>
<p><u>Virt 28/2/1953.</u></p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 20. desember 1946, nema viðgerð hefir farið fram á þaki og aukin hitalögn.</p> <p>Ibúðarhús: L 7.0 br. 5.7 h. 3.1 skáþak kj. 2.5 = 223.44 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>129.600.00</p>
<p><u>Virt 15/12/1959.</u></p> <p>Frá síðasta mati 28. 2. 1953, hefur húsið verið endurbætt almennt. Á 1. hæð hafa verið settar harðviðishurðir, veggir klæddir harðviði og raflögn endurbætt. Auk þess hefur verið byggt yfir tröppur. Í kjallara hefur eitt herbergi verið innréttað.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 7.0 m., br. 5.7 m., h. 3.1 m., ris ská þ. kj. 2.5 m., = 223.44 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á.....ke.</p>	<p>279.300.-</p>

Gata og númer:

V i t a s t í g u r 20 . .

Möt framkvæmd: 1/7/1943.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnpaki á borðasúð, með pappa á milli. Steinsteypugólf er í neðri hæð og kjallara, einnig er lagskilveggur er í möju húsinu upp að þaklyfti úr steinsteypu. Í neðri hæð hússins eru 4 íbúðarherbergi, búr, eldhús, v.s., 2 gangar. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum innan á. Allt lagt striga, pappír og málað, bæði veggir og loft. Í efri hæðinni er samskonar herbergjaskipun og frágangur allur eins og er í neðri hæðinni. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 3 geymsluherbergi og þvottahús.

Stærð: L. 9.6 m. br. 8.2 m. h. 6.3 m. ris 2.8 m. kjh. 1.9 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

123.580¹

Möt framkvæmd: (1/10/1941.) 20/4/1948	Metið kr.
<p>a. Skólahús, tvílyft, með flötu þaki og kjallara úr steinsteypu. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu. Þakið er úr tvöfaldrí steinsteypu með vikurlagi og heraklith á milli, tvöföldum pappa og tjöru. Kjallaragólfíð og allir skilveggir eru úr steinsteypu. Innan á öllum útveggjum er korklag, allt múrsléttað og ýmist veggfóðrað eða málað. Á gangagólfum, stigum og nokkrum skólastofum er gúmmídukur, á hinum öðrum stofum er ýmist korkparket eða linoleumdukur. Öll baðherbergi og v.s. eru flísalögð. Í aðalhúsinu meðfram Vitastíg eru í neðri hæðinni 10 skólastofur, kennaraherbergi, 3 v.s. og 5 gangar. Í efri hæðinni eru 10 skólastofur, kennaraherbergi, 3 v.s. og 3 gangar. Í kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, miðstöðvarherbergi, kolageymsla, sundlaug, 3 geymsluherbergi, þvottahús, þerristofa, 2 baðherbergi, 5 búingsherbergi, 5 v.s., lækningarstofa, smíðaherbergi, aðalanddyri og 3 gangar. Stærð: Meðall. 79.0 m. br. 10.6 m. h. 8.4 m. sl. þak, kjh. 2.6 m.</p>	
<p>Suðurálma er að öllu leyti byggð eins og aðalhúsið. Í neðri hæðinni er 1 skólastofa, kennarastofa, 2 skrifstofur, 3 fataklefar, bókaherbergi, áhaldaherbergi, 3 v.s. og 3 gangar. Í efri hæðinni er 1 skólastofa, náttúrufræðingsalur, 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi, v.s., fataklefi og 2 gangar. Í kjallaranum eru 2 búingsherbergi, 3 læknisherbergi, 2 v.s., kvikmyndasalur, vélaklefi, 3 geymsluherbergi og 4 gangar. Stærð: Meðall. 32. br. 10.0 m. h. 8.4 m. sl. þak, kjh. 3.8 m.</p>	
<p>Norðurálma er sömuleiðis byggð eins og aðalhúsið. Í neðri hæðinni eru 3 skólastofur, leikfimissalur, 2 fatageymsluherbergi og gangur. Í efri hæðinni er kennarastofa, framreiðslusalur, 2 eldhús, búr, uppþvottaherbergi, 2 fataklefar, 2 gangar og stigagangur upp á þakið. Í kjallaranum eru 2 búingsherbergi, leikfimissalur, matageymsla og 5 gangar. Steinsteypubrjóstvörn er utan um allt skólahúsið. Í öllum gluggum skólans er vitagler. Hann er allur múrhraunaður utan. Stigar eru allir úr steinsteypu. Allar útidyrarhurðir eru úr teack - við. Stærð: Meðall. 32.0 m. br. 10.0 m. h. 8.4 m. sl. þak, kjh. 5.1 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt norður- og suðurálmum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	2.052.500.-
<p>b. Leikskýli syðra er byggt úr steinsteypu, bakveggir, gaflar og þaksúlur, gólf og þak, en opin er hliðin inn að skólaportinu. Stærð: L. 31.0 m. br. 4.0 m. h. 2.3 m.</p>	
<p>Aðveitustöð rafmagnsveitunnar og Leikskýli nyðra er byggt úr steinsteypu að öllu leyti, veggir, þak og gólf og þaksúlur, allt múrsléttað. Í kjallaruundir leikskýlinu og ca. hálfum inngangi að skólaportinu er rafmagnsveitustöð.</p>	
<p>Flyt</p>	2.052.500.-

Gata og númer:

<i>Möt framkvæmd:</i>	<i>Metið kr.</i>
Stærð leikskýlisins: L. 31.0 m. br. 4.0 m. h. 2.3 m.	Flutt 2.052.500.-
" kjallara undir inngangi: L. 8.0 m. br. 8.0 m. h. 3.0 m.	
Leikskýlin bæði m/aðveitustöðinni og tilheyrandi, eru virt á.....	63.070.-
	Samtals 2.115.570.-
=====	
20/4/1948	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati l. okt. 1941.	
A. Skólahús: ml. 79.0 m., br. 10.6 m., h. 8.4 m., sl. þak, kj. 2.6 m.	
" Suðurálma: " 32.0 m., br. 10.0 m., h. 8.4 m., sl. þak, kj. 3.8 m.	
" Norðurálma: " 32.0 m., br. 10.0 m., h. 8.4 m., sl. þak, kj. 5.1 m.	
Skólahúsið, ásamt álmum og tilheyrandi, er virt á.....	6.102.200.-
B. Leikskýli: L 31.0 m., br. 4.0 m., h. 2.3 m.	
" do : L 31.0 m., br. 4.0 m., h. 2.3 m.	
" Kjallari : L 8.0 m., br. 8.0 m., h. 3.0 m.	
Leikskýlin, ásamt tilheyrandi, eru virt á.....	182.900.-
	Samtals.... 6.258.100.-
	=====

Möt framkvæmd: 31/10/1960.

Metið kr.

Nýtt skólahús, 4 hæðir, ris og kjallari undir hluta hússins, byggt úr steinsteypu, einangrað með vikri og gosull, húðað marmara utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.

Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, 2 eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, 5 kennslustofur, 1 samkomusalur, 1 skrifstofuherbergi, 2 snyrtiherbergi, ræstiklefi, 4 anddyri og gangar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði, en málaðar í íbúðinni. Gler er ýmist tvöfalt eða einfalt. Auk þess er á hæðinni þvottahús, kyndiklefi m/2 kötlum og hitaveitupphitun. Á hæðinni er einnig bifreiða- og logsuðuverkstæði.

Á 2. hæð eru 10 kennslustofur, 3 skrifstofuherbergi, kennarastofa, kaffistofa, búð, 4 snyrtiherbergi, ræstiherbergi, eldraustur skjalaskápur, 3 stigaherbergi, gangar og fatahengi. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og í gluggum er ýmist einfalt eða tvöfalt gler.

Á 3. hæð eru 10 kennslustofur, 1 bókasafnsherbergi, 2 skrifstofur, 1 sýnis-hornasalur, 2 snyrtiherbergi, 1 ræstiherbergi, 4 geymslur, 3 stigahús og gangar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og gler er ýmist einfalt eða tvöfalt í gluggum.

Á 4. hæð eru 10 kennslustofur, 2 teiknistofur, 2 snyrtiherbergi, 1 ræstiherbergi, 3 stigahús, gangar og fatageymsla. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði í gluggum er ýmist einfalt eða tvöfalt gler.

Í þakhæð eru 7 kennslustofur, 2 snyrtiherbergi, 7 geymslur, fatageymsla, loftdæluherbergi, stigahús og gangar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og einfalt gler er í gluggum. 2 svalir.

Í turnhúsi er hringstigi úr járni, neyðarstigi niður á 4. hæð.

Kjallarinn er einn geymur með dælum, þrýstil., o. fl.

Stærð hússins:

1.-4. h.	L. 59.21 m.,	br. 15.9 m.,	h. 14.3 m.,	ris 4.10 m. (Aðalb.)
" "	" 11.61 "	" 3.4 "	" 14.3 "	skáp. (Útb.)
" "	" 9.50 "	" 5.0 "	" 14.3 "	ris 2.0 m. (Millib.)
1.-3. h.	" 26.50 "	" 14.0 "	" 7.2 "	kjh. 3.0 m. (Álma).
4. h.	" 26.50 "	" 9.06 "	" 4.2 "	
kj.	" 9.30 "	" 5.5 "		kjh. 2.4 m.

Samtals að stærð: 21.598.88 m³.

Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 25.918.700.-

Gata og númer:

Möt framkvæmd: 6/6.1975.	Metið kr.									
<p>Frá síðasta mati hefur verið byggð viðbygging við skólan fyrir verknámsdeild. Byggingin er steinsteypt einangruð með plasti, og slétt-húðað að utan. Þetta er kjallari og þrjár hæðir.</p>										
<p><u>1.hæð.</u> Þar eru kennslustofur, skilrúm og milliveggir eru úr timbri, harðviði og spónarplötum. Salerni með tilheyraddi. Gólf eru máluð, flísalögð og parket. Þessi lýsing á einnig um viðbyggingu sem er jafn há og eldri byggingin.</p>										
<p><u>2.hæð:</u> Eins og 1.hæð.</p>										
<p><u>Kjallari:</u> Þar eru kennslustofur fyrir bifvélar, mótörverkstæði, rafsuðu og logsuðu. Hreinlætisaðstaða, þar er sturta, handlaug, v.s. Flísar á göngum og v.s. Terresó málað. Skilrúm úr steini.</p>										
<p><u>3.hæð:</u> Þar er prent salur, málaður og flísalagður.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table style="border: none;"> <tr> <td>L. 54.40 m., Br. 19.28 m., H. 7.20 m.</td> <td rowspan="7" style="font-size: 3em; vertical-align: middle;">}</td> <td rowspan="7" style="vertical-align: middle;">= 18.098 m³</td> </tr> <tr> <td>L. 18.40 m., Br. 14.00 m., H. 14.20 m., Ris. 2.0, m.,</td> </tr> <tr> <td>L. 3.58 m., Br. 17.50 m., H. 7.2 m.</td> </tr> <tr> <td>L. 54.30 m., Br. 18.73 m., H. 3.85 m.</td> </tr> <tr> <td>L: 7.80 m., Br. 22.36 m., H. 3.85 m.</td> </tr> <tr> <td>L. 8.02 m., Br. 3.20 m., H. 3.10 m.</td> </tr> <tr> <td>L. 18.20 m., Br. 21.22 m., H. 3.85 m.</td> </tr> </table>	L. 54.40 m., Br. 19.28 m., H. 7.20 m.	}	= 18.098 m ³	L. 18.40 m., Br. 14.00 m., H. 14.20 m., Ris. 2.0, m.,	L. 3.58 m., Br. 17.50 m., H. 7.2 m.	L. 54.30 m., Br. 18.73 m., H. 3.85 m.	L: 7.80 m., Br. 22.36 m., H. 3.85 m.	L. 8.02 m., Br. 3.20 m., H. 3.10 m.	L. 18.20 m., Br. 21.22 m., H. 3.85 m.	
L. 54.40 m., Br. 19.28 m., H. 7.20 m.	}			= 18.098 m ³						
L. 18.40 m., Br. 14.00 m., H. 14.20 m., Ris. 2.0, m.,										
L. 3.58 m., Br. 17.50 m., H. 7.2 m.										
L. 54.30 m., Br. 18.73 m., H. 3.85 m.										
L: 7.80 m., Br. 22.36 m., H. 3.85 m.										
L. 8.02 m., Br. 3.20 m., H. 3.10 m.										
L. 18.20 m., Br. 21.22 m., H. 3.85 m.										
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.</p>	<p>235.300.000.</p>									

Gata og númer: Vogaland 1.

Möt framkvæmd: 7.4.1978.	Metið kr.
<p>Húsið sem er 1.hæð og kjallari er steinsteypt, einangrað með plasti, slétthúsað að utan og er pappi á þaki.</p> <p>Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, skáli, 5.íbúðarherbergi, eldhús og borðkrókur. Á baðherbergi er 1.kerlaug, 2.v.s. og 2.handlaugar.</p> <p>Tvöfalt gler er í gluggum, harðviðarhurðir, veggir eru málaðir, veggfóðraðir og klæddir. Gólf eru flísaðögð og dúklögð.</p> <p>Kjallari: Þar er anddyri, íbúðarherbergi og föndurherbergi. Á salerni er v.s. og handlaug. Bílskúr er innbyggður og er hann tvöfaldur. Geymsla. Veggir og gólf eru málaðir.</p> <p>L. 17.00 m., Br. 9.65 m., H. 3.10 m., Kj. 2.70 m. = 951 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt ákr. <u>38.040.000.-</u></p>	

Gata og númer: Vogaland 2

Möt framkvæmd: 25.apríl 1973	Metið kr.			
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 hæð og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Óhúðað utan. Þakið er steipt, lagt asfaltbornum pappa. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, skáli, 6 íbúðarherbergi, eldhús. 1 baðherbergi með kerlaug, steypa, 2 vs., 2 handlaugar. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Parket á gólfum. Auk þess er 1 þvottahús, bílskúr gengurinn í húsið. Kjallari: Þar er 1 íbúðarherbergi, 2 geymslur, sorpklefi. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table style="margin-left: 40px;"> <tr> <td>L 16,95 m., Br. 9,38 m., H. 2,9 m.</td> <td rowspan="2">} = 597 m³</td> </tr> <tr> <td>L 6,50 m., Br. 8,70 m., Kj. 2,4 m.</td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	L 16,95 m., Br. 9,38 m., H. 2,9 m.	} = 597 m ³	L 6,50 m., Br. 8,70 m., Kj. 2,4 m.	<p>4.179.000.-</p>
L 16,95 m., Br. 9,38 m., H. 2,9 m.	} = 597 m ³			
L 6,50 m., Br. 8,70 m., Kj. 2,4 m.				

Gata og númer: Vogaland 3

Möt framkvæmd: 31.máí 1972	Metið kr.			
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 2 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Múrhuðað utan. Þakið er steipt (loftið), pappi. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, 1 íbúðarherbergi, steypa, V.S., handlaug. Bílskúr innbyggður, þvottahús og geymsla.</p> <p>2.hæð: Þar er stigahús, 5 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók. 1 baðherbergi með kerlaug, steypa, V.S., handlaug. Svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og viðarklæddir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table style="margin-left: 40px;"> <tr> <td>L 13,65 m., Br. 9,90 m., H. 3,20 m.</td> <td rowspan="2">} = 868 m³</td> </tr> <tr> <td>L 13,55 m., Br. 9,90 m., H. 2,50 m.</td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	L 13,65 m., Br. 9,90 m., H. 3,20 m.	} = 868 m ³	L 13,55 m., Br. 9,90 m., H. 2,50 m.	<p style="text-align: right;">4.340.000.-</p>
L 13,65 m., Br. 9,90 m., H. 3,20 m.	} = 868 m ³			
L 13,55 m., Br. 9,90 m., H. 2,50 m.				

Möt framkvæmd: 28.maí 1976	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 hæð og kjallari að hluta, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúsað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárni. Hitaveita.</p>	
<p>1.hæð: Þar er anddyri, skáli, eldhús með borðkrók. Þvottahús og búr. 1 baðherbergi með kerlaug, 1 vs., 1 handlaug. Svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð.</p>	
<p>Kjallari: Þar eru 4 íbúðarherbergi, gangur, 2 geymslur. 1 vs., 1 handlaug. Veggir eru málaðir, gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð.</p>	
<p>Stærð hússins:</p>	
<p>A L 16,90 m., Br. 8,05 m., H. 3,20 m. } L 13,40 m., Br. 8,05 m., Kj. 2,55 m. }</p>	<p>= 705 m³kr. 16.920.000.-</p>
<p>B L 3,80 m., Br. 6,27 m., H. 3,20 m.</p>	<p>= 76 m³kr. 654.000.-</p>
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á</p>	<p>.....kr. <u>17.574.000.-</u></p>

Gata og númer: Vogaland 5.

Möt framkvæmd: 10/4.1978.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið sem er 2.hæðir er steinsteypt, einangrað með plasti, slétthúðað að utan og er pappi á þaki og er það steyp. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er skáli, 4.íbúðarherbergi og á baði er 1.kerlaug, v.s. og handlaug. Þvottahús, geymsla og innbyggður bílskúr. Tvöfalt gler er í gluggum, veggir eru málaðir og gólf eru máluð og dúklögð.</p> <p>2.hæð: Þar eru 5.íbúðarherbergi, eldhús, borðkrókur og vinnuherbergi. Á salerni er v.s. og handlaug. Svalir. Tvöfalt gler er í gluggum, harðviðarhurðir, veggir eru málaðir og á gólfum er parket og máluð.</p> <p>efh. L.14.2 m., Br. 10.8 m., H. 2.95 m. } neh. L. 14.2m., Br. 11.2 m., H. 2.8 m. } = 897.7 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. <u>35.920.000.-</u></p>	

Gata og númer: Vogaland 6

Möt framkvæmd: 22.ágúst 1973	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 hæð og kjallari að hluta, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað utan. Þakið er asfaltborinn pappi. Hitaveita.</p>	
<p>1.hæð: Þar er anddyri, skáli, 5 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók. 1 baðherbergi með kerlaug, 1 vs., 1 handlaug. Svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð. Auk þess er 1 geymsla inn af eldhúsi.</p>	
<p>Kjallari: Þar er anddyri, 4 íbúðarherbergi, 1 steypa, 1 vs., 1 handlaug. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð. Þvottaherbergi og sorpgeymsla.</p>	
<p>Stærð hússins:</p>	
<p>A L 13,68 m., Br. 9,50 m., H. 3,10 m. } L 13,68 m., Br. 8,60 m., H. 2,55 m. } = 703 m³kr.</p>	4.921.000.-
<p>B L 6,04 m., Br. 4,10 m., H. 2,60 m. = 64 m³"</p>	179.000.-
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á</p>	5.100.000.-

Gata og númer: Vogaland 7

Möt framkvæmd: 31. des. 1971.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 hæð og kjallari að hluta, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Múrhuðað og málað utan. Einnig er húsið einangrað með glerull. Þakið er úr Onduline. Hitaveita er í húsinu.

1. hæð: Þar er anddyri, forstofa, skáli, 5 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, 1 baðherbergi með kerlaug, steypa, 2 V.S., 2 handlaugar. Svalir. Innbyggðir skápar. Svalir. Veggir eru málaðir og viðarklæddir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð og máluð. Þvottahús er á hæðinni.

Kjallari: Þar er geymsla og bílskúrar.

Stærð hússins:

L 17,50 m., Br. 7,70 m., H. 3,10 m.	} = 751 m ³
L 6,00 m., Br. 4,30 m., H. 3,10 m.	
L 14,00 m., Br. 7,70 m., H. 2,35 m.	

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.

3.605.000.-

Gata og númer: Vogaland 8

Möt framkvæmd: 17.nóv. 1972	Metið kr.			
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 hæð og jarðhæð, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti og glerull. Þakið er pappapak, asfaltborið á trégrind. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, forstofa, 5 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, 1 baðherbergi með kerlaug, 2 V.S., 2 handlaugar. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Parket á gólfum, einnig máluð gólf. <u>Bílskúrinn</u> er hlaðinn.</p> <p>Jarðhæð: Þar eru 2 íbúðarherbergi, þvottaherbergi og 2 geymslur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <table style="margin-left: 40px;"> <tr> <td>L 12,07 m., Br. 11,69 m., H. 3,10 m.</td> <td rowspan="2">} = 566 m³</td> </tr> <tr> <td>L 7,80 m., Br. 6,37 m., Kj. 2,6 m.</td> </tr> </table> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	L 12,07 m., Br. 11,69 m., H. 3,10 m.	} = 566 m ³	L 7,80 m., Br. 6,37 m., Kj. 2,6 m.	<p style="text-align: right;">2.830.000.-</p>
L 12,07 m., Br. 11,69 m., H. 3,10 m.	} = 566 m ³			
L 7,80 m., Br. 6,37 m., Kj. 2,6 m.				

Gata og númer: Vogaland 9

Möt framkvæmd:	Metið kr.
<p>3.des. 1971.</p> <p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 hæð og kjallari að hluta til, er byggt úr steinsteypu og einangrað með plasti. Slétthúðað utan. Steypt þakplata og asfaltþappi. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, skáli, 1 íbúðarherbergi, V.S., handlaug.</p> <p>2.hæð: Þar er stigi, 4 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, kerlaug, V.S., handlaug, 2 svalir og innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviðarhurðir. Parket er á gólfum og eru þau máluð. Auk þess er þvottahús. Kjallari er ófrágenginn.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 14.50 m, Br. 9,86m, H. 3.00 m) 745 m³</p> <p>L. 14.50 m, Br. 7.96m, H. 2.7 m) Kj. 2.7 m)</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á.....kr.</p>	<p>3.651.000.-</p>

Gata og númer: Vogaland 10

Möt framkvæmd: 3.nóv. 1977	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 hæð og kjallari er byggt úr steinsteypu. Einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Pappapak. Hitaveita. 1.hæð: Þar er anddyri, skáli, 5 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók. 1 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. Svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir.</p> <p><u>Báskúr</u> er á 1.hæð.</p> <p>Kjallari: Þar er anddyri, geymsla og fl. Ófullgerður.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L 11,60 m., Br. 13,79 m., H. 3,20 m., Kj. 2,45 m. = 904 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. <u>27.866.000.-</u></p>	

Gata og númer: Vogaland 11

Möt framkvæmd: 24. apríl 1972	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 hæð og jarðhæð, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Múrhuðað og málað utan. Þakið er pappapak, asfalt borið á timburgrind. Hitaveita er í húsinu.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, 5 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók. 1 baðherbergi með kerlaug, 2 V.S., 2 handlaugar. Svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og veggfóðraðir. Gler er tvöfalt í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð og máluð. Auk þess er búr á hæðinni og fataherbergi.</p> <p>Jarðhæð: Þar er forstofa, hobbyherbergi, 1 íbúðarherbergi, þvotta-herbergi, billiardherbergi. Bílskúr er innbyggður. 1 geymsla.</p> <p>Stærð hússins: L 16,00 m., Br. 9,90 m., H. 5,7 m. = 903 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>4.515.000.-</p>

Gata og númer: Vogaland 12.

Möt framkvæmd: 24/10.1978.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið sem er 1.hæð og kjallari er steinsteypt og einangrað með plasti, slétthúðað að utan og er pappi á þaki. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, skáli, 4.íbúðarherbergi, eldhús og borðkrókur. Á baðherbergi er kerlaug, 2.v.s. og 2.handlaugar. Tvöfalt gler er í gluggum, spónlagðar hurðir og innbyggðir skápar.</p> <p>Veggir eru málaðir, veggfóðraðir og klæddir. Bílskúr.</p> <p>Kjallari: Þar er forstofa, 3.íbúðarherbergi og vinnustofa. Þvottahús og geymsla. Tvöfalt gler er í gluggum og eru spónlagðar hurðir. Veggir eru málaðir og gólf eru máluð og parketlögð.</p> <p>L. 12.15 m., Br. 10.70 m., H. 3.00 m. } L. 12.15 m., Br. 9.71 m., Kj. 2.30 m. } = 661 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 26.440.000.-</p>	

V O G A L A N D 13

Gata og númer: (B ú s t a ð a v e g u r) (Arnarós við Tanguveg) — (Búðarhl. 7)

Möt framkvæmd: 21/12/1932. Samræmismat 1. apríl 1951. 24/10/1969 27/10/1970	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, byggt úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járnri, bæði á útveggjum og þaki. Í útveggjabindingi er pappalag. Allt er húsið klætt innan á grind og neðan á loftbita, með masónitplötum. Allt málað og veggfóðrað. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur, anddyri og gangur. Kjallari er ósundurhólfaður, notaður til geymslu.</p> <p>Stærð: L.5,6 m., br.5,8 m., h.2,9 m., ris 1,0 m., kjh.2,0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	6.076.-
<p>b. Fuglahús úr bindingi, klætt utan borðum og pappa á veggjum og þaki. Það er þiljað innan og stoppað í binding með sagsspónum.</p> <p>Stærð: L.5,0 m., br.4,5 m., h.1,7 m.</p> <p>Fuglahúsið er virt á.....</p>	760.-
Santals	6.836.-
<hr/>	
<u>Samræmismat 1. apríl 1951.</u>	
A. Íbúðarhús : L 5.6 br. 5.8 h. 2.9 ris 1.0 kj. 2.0 = 175.39 m ³	47.400.00
B. Fuglahús : L 5.0 br. 4.5 h. 1.7 = 38.25 m ³	7.700.00
	<u>213.64 m³</u>
	<u>55.100.00</u>
<hr/>	
<u>Virt: 24/10/1969.</u>	
Frá síðasta mati, 21/12/1932, hefur húsið verið stækkað úr timbri á steinsteyptum grunnri.	
Í húsinu eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og baðherbergi m/tilheyrandi, skápar eru innbyggðir og allt málað og dúklagt. Ennfremur er ytri og innri forstofa.	
Stærð hússins:	
A: L. 7.70 m., br. 10.7 m., h. 2.8 m., ris 0.8 m., kj. 2.6 m. = 478.00 m ³ .	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	kr. 1.195.000.-
<hr/>	
<u>Virt 27/10/1970.</u>	
Frá síðasta mati, hefur verið byggt við húsið, úr timbri, múrhúsað og járnklætt undir. Á hæðum eru nú 5. íbúðarherbergi, eldhús, og bað með tilheyrandi, gangur forstofa v.s. allt málað og dúklagt, harðviðarhurðir og tvöfalt gler.	
Kjallari: Þar er nú bílskúr, þvottahús, geymslur, allt málað.	
Stærð hússins er:	
L. 7.70 m., br. 10.7 m., h. 2.8 m., ris. 0.8 m., kj. 2.6 m., = 478 m ³	
L. 8.6 m., br. 8.5 m., h. 2.8 m., ris. 0.8 m., = 234 m ³	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	Kr. 2795.000.-

Gata og númer: Vogaland 14

Möt framkvæmd: 23.okt. 1973	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 1 hæð og kjallari að hluta, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúsað og málað utan. Asfalt borinn pappi á þaki. Hitaveita.</p>	
<p>1.hæð: Þar er anddyri, skáli, 4 íbúðarherbergi. eldhús með borðkrók. 1 baðherbergi með kerlaug, 1 vs., 1 handlaug. Svalir. Skápar eru ókominir, þegar húsið er tekið í tryggingu. Gólf eru máluð.</p>	
<p>Ath. hæðin er tilbúin undir tréverk.</p>	
<p>Kjallari: Þar er anddyri, 4 íbúðarherbergi, steypa, 1 vs., 1 handlaug. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf máluð. 1 þvottahús, sem er notað sem eldhús til bráðabirgða.</p>	
<p>Stærð hússins:</p>	
<p>A L 13,00 m., Br. 10,36 m., H. 2,80 m., Ris 0,50 m.) Kj. L 13,00 m., Br. 9,52 m., Kj. 2,50</p>	<p>} = 720 m³ 3.840.000.-</p>
<p>B L 6,10 m., Br. 3,90 m., H. 2,30 m.</p>	<p>= 55 m³ 165.000.-</p>
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>4.005.000.-</p>

Gata og númer: Vogaland 16

Möt framkvæmd: 17.nóv. 1974	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Þáppi er í útveggjabindingi og á milli þilja í þaki. Allar íbúðir hússins eru þiljaðar innan og neðan á loftbita, strigelagt, veggfóðrað og málað. Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., gangur. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt með sama frágangi eins og er í aðalhæð hússins. Auk þess er þvotta- og miðstöðvarherbergi í kjallaranum, sem og trésmíðastofa og v.s.</p> <p>Stærð: L. 8.1 m. br. 7.5 m. h. 3.2 m. ris 3.3 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, byggður eins og það. Í aðalhæð hans er stigagangur, en geymsla og gangur er í kjallaranum. Steinsteyputröppur eru við skúrinn og undir þeim er geymsluklefi.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 2.6 m. h. 5.4 m. ris 1.0 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á,.....</p>	<p>20.760.^v- =====</p>
<p><u>Virt: 7/6/1971.</u></p> <p>Endurmetið til lækkunar vegna verðryrnunar. Óbreytt að stærðum.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L 8.1 m. br. 7.5 m. h. 3.2 m. ris 3.3 m. kj. 2.5 m.</p> <p>" inng.L 2.2 m. br. 2.6 m. h. 5.4 m. ris 1.0 m. kj. 2.5 m. = 492.00 m³.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á kr.</p>	<p>1.525.000.-</p>

Gata og númer:

Þormóðsstaðavegur, Brú.

Möt framkvæmd: 26/4/1945. 7/6/1971.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara undir nokkrum hluta þess, úr bindingi, klætt utan með borðum, þappa, listum og jární á veggjum og þaki. Allir útveggir eru stoppaðir í bindingnum á milli þilja með sagspónum. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., anddyri og gangur. Í efri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., og 2 gangar, Í rishæðinni er nákvæmlega sama herbergjaskipun eins og er í efri hæðinni. Allar íbúðir hússins eru þiljaðar innan og neðan á loftbita með panelborðum, Allt strigalagt og ýmist eða málað. Milligólf er í öllu-m bitalögum og stoppað er með sagspónum á milli gólfanna. Í kjallaranum eru skilveggir og gólf úr steinsteypu. Þar er miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi, 2 geymsluklefar og gangur. Steinsteyputröppur eru við vesturgöfl hússins og undir þeim er gangur inn í kjallerann. Húsið er allt málað utan.</p> <p>Stærð: L. 9.8 m. br. 8.6 m. h. 6.1 m. ris 3.7 m.</p> <p>Kj.st: L. 5.2 m. br. 8.6 m. h. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	169.800.-
<p>b. Bifreiðaskúr er byggður á lengdar frá húsinu úr jární á timburgrind og langböndum með malargólfi.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 6.6 m. meðalh. 2.2 m.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	3.600.-
Samtals	173.400.-
=====	
Virt:7/6/1971.	
<p>Endurmetið til lækkunar, vegna verðyrnunar. Óbreytt að stærðum.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: íbúð L. 9.8 m. br. 8.6 m. h. 6.1 m. ris 3.7 m.</p> <p>" kjallari L. 5.2 m. br. 8.6 m. h. 2.0 m. = 755.00 m³</p> <p>B: bílsk. L 6.3 m. br. 6.6 m. h. 2.2 m. = 91.00 m³</p> <p>Húsið, ásamt bílskúr og tilheyrandi, er virt á kr.</p>	<p>2.341.000.-</p> <p>50.000.-</p> <p>2.391.000.-</p>

Gata og númer:

Þormóðsstaðavegur, Brúarendi.

Möt framkvæmd: (29/1/1945.) (6/2/1952.) 7/6/1971.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi, úr bindingi, hliðveggur hlaðinn úr holsteini, klætt utan með borðum, pappa og vírneti og múrhúðað yfir. Þak er úr borðum, pappa og járn. Innan á útveggjum er pappi, vírnet og trétex. Skilrúm eru úr bindingi, ýmist með tvöfaldri trétexklæðningu eða 3/4" borðum. Loft eru úr timbri með steinsteypulagi ofan á og dúklögð, en þiljuð neðan á loftbita, lögð striga, pappír og öll eru íbúðarherbergin máluð. Í neðri hæðinni eru steypt gólf í 2 herbergjum og baðherbergi. Í hvorri hæð fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, baðherbergi m/v.s. og anddyri. ^{Badkeri m/keri v.s.} Þak er steypt í neðri hæðinni. Kjallari er undir nokkrum hluta hússins. ^{Olivkynding}</p> <p>Stærð: L. 9.1 m. br. 9.1 m. h. 5.7 m. ris 2.0 m.</p> <p>Kj.st: L.9.1 m. br. 7.7 m. h. 1.9 m.</p> <p>Inn- og uppgönguskúr er við húsið, byggður eins og það. Þar er timburstigi.</p> <p>Stærð: L. 3.3 m. br. 2.3 m. h. 5.5 m. ris 1.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	160.600.-
<p>b. Fuglahús, sem áður var fjós, byggt úr timbri, járnvarið utan, þiljað innan og stoppað á milli þiljanna með sagspónum. Þar er steinsteypugólf.</p> <p>Húsið er virt á.....</p> <p>Stærð fuglahússins: L. 6.0 m. br. 6.0 m. h. 2.6 m. skápak.</p>	4.650.-
Samtals	165.250.-
<hr/>	
<u>Virt 6/2/1952.</u>	
<p>Húsin eru óbreytt að formi frá síðustu mötum 29. janúar 1945 og 1. apríl 1943, en íbúðarhúsinu verið breytt dálítið að innréttingu og það endurbætt innan. Á neðri hæðinni hefir verið innréttað baðherbergi m/keri og v.s. og öll hæðin múrhúðuð, máluð og dúklögð. Í kjallarann hefir verið sett olfukyndingavél. Annað óbreytt.</p>	
<p>A. Íbúðarhús : L 9.1 br. 9.1 h. 5.7 ris 2.0 = 554.83 m³</p> <p>" Inngönguskúr: L 3.3 br. 2.3 h. 5.5 ris 1.0 = 45.54 m³</p> <p>" Kjallari : L 9.1 br. 7.7 h. 1.9 = 133.13 m³</p> <p style="text-align: right;">733.50 m³</p>	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	293.400.00
B. Þvottahús m/m: L 6.0 br. 6.0 h. 2.6 skápak = 93.60 m ³	
Þvottahúsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	14.000.00
Samtals krómur	307.400.00

Gata og númer:

ÞORMÓDSSTAÐAVEGUR BRÚARENDI

Möt framkvæmd: 7/6/1971.	Metið kr.
<p>Virt: 7/6/1971.</p> <p>Endurmetið til lækkunar, vegna verðyrnunar. Óbreytt að stærðum.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: Íbúð L. 9.1 m. br. 9.1 m. h. 5.7 m. ris 2.0 m.</p> <p>" inngsk. L. 3.3 m. br. 2.3 m. h. 5.5 m. ris 1.0 m.</p> <p>" kjallari L. 9.1 m. br. 7.7 m. h. 1.9 m. = 734.00 m³</p> <p>B: Þvottah. m/m. L. 6.0 m. br. 6.0 m., h. 2.6 m. = 94.00 m³</p> <p>Húsið, ásamt þvottahúsi m/m og tilheyrandi, er virt á kr. 2.155.000.-</p>	<p>2.075.000.-</p> <p>80.000.-</p> <p><u>2.155.000.-</u></p>
<p>Virt 12/11 1974.</p> <p>Frá síðasta mati hafa verið gerðar ýmsar endurbætur á húsinu.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati.</p> <p>Húsið, ásamt þvottahúsi og tilheyrandi er virt á kr. 5.131.000</p>	<p><u>5.131.000</u></p>
<p>Virt: 22/5.1978.</p> <p>Frá síðasta mati hefur húsið verið endurbætt, skipt um eldhúsinnréttingu, (standsett) Allt endurnýjað í íbúðinni.</p> <p>Stærðir:</p> <p>L. 9,10 m., Br. 9,1 m., H. 5,7 m., Ris. 2,0 m .</p> <p>L. 3,3 m., Br. 2,3 m., H. 5,5 m., Ris. 1,0 m. = 734 m³</p> <p>L. 9,1 m., Br. 7,7 m., H. 1,9 m.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á kr. 22.020.000.-</p>	<p>22.020.000.-</p>

Gata og númer:

Þormóðsstaðavegur, Hólabrekka.

Möt framkvæmd: 1/8/1924, e 21/7/1927	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og fastur skápur, allt þiljað og ýmist veggfóðrað eða málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, 2 fastir skápar og 2 hliðarskápar, sem allt er þiljað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi og eldhús og nokkrir geymsluklefar.</p>	
Stærð: L. 7.5 m. br. 6.9 m. h. 3.2 m. ris 3.2 m. kjh. 2.5 m.	
Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, byggður eins og það. Í honum er gangur og fastur skápur.	
Stærð: L. 1.6 m. br. 1.9 m. h. 4.1 m. ris 1.0 m. kjh. 2.5 m.	
Inngönguskúr er byggður eins og fyrrnefndur.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 1.9 m. h. 2.5 m. skápak, kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....	14.377.-
<p>b. Heyhlaða er byggð úr bindingi, klædd utan með járnri á langböndum, bæði veggir og þak.</p>	
Stærð: L. 7.5 m. br. 5.0 m. h. 2.3 m. ris 3.0 m.	
Hlaðan er virt á.....	2.160.-
<p>c. Fjós er byggt við suðurhlið hlöðunnar úr steinsteypu, með járnþaki á langböndum. Fjósið er þiljað innan og stoppað með sagspónum. Þar eru 3 básar.</p>	
Stærð: L. 7.5 m. br. 3.4 m. h. 2.2 m. skápak.	
Fjósið er virt á.....	1.140.-
<p>d. Bifreiðaskúr er byggður úr steinsteypu, með járnþaki á langböndum.</p>	
Stærð: L. 6.2 m. br. 6.2 m. h. 2.3 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	521.-
<p>e. Þurrkhjallur úr bindingi, klæddur utan ýmist með borðum eða rimlum á veggjum og með járnþaki á langböndum.</p>	
Stærð: L. 2.9 m. br. 6.0 m. h. 2.2 m. skápak.	
Hjallurinn er virtur á.....	304.-
Samtals	18.502.-

Gata og númer:

LAMBHÖLL v/ DORMÓÐSSTAÐAVEG

Möt framkvæmd: 30/12 1955	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 2 hæðir, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, korkklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. - Á neðri hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v. s. og handlaug, stigahús og gangur og 7 innb. skápar. - Á efri hæð er innréttingin eins og á neðri hæð, en þar eru hurðir úr mahogny. - Á þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v. s. og handlaug, stigahús gangur og 7 innb. skápar. - Í kjallara er þvottahús, olíumiðstöðvarklefi og 5 geymslur. Stærð hússins : L. 9.0 m. Br. 10.0 m. H. 5.4 m. ris 3.5 m. kj. 2.0 m. = 828.00 m³</p> <p>Húsið, með tilheyrandi, er metið á kr. <u>662.400.00</u></p>	

Gata og númer:

Þormóðsstaðavegur, Litlabrekka.

Möt framkvæmd: 2/12/1922.	Metið kr.
<p>a. Ibúðarþær, byggður að veggjum úr torfi og grjóti. Þak er úr borðasúð, með járn og torfi þar yfir. Í þænum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, geymslu-klefi og gangur, allt þiljað innan. Hástafnar eru úr bindingi, klæddir utan borðum og pappa.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 4.7 m. h. í mænir 2.8 m.</p> <p>Inngönguskúr er við bæinn, byggður úr bindingi, klæddur utan með borðum, og pappa. Í honum er timburgólf og hann er allur þiljaður innan.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 3.1 m. h. 2.0 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	3.738.-
<p>b. Geymsluskúr er byggður eins og inngönguskúrinn.</p> <p>Stærð: L. 3.1 m. br. 2.5 m. h. 1.9 m.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	240.-
Samtals	3.978.-

Gata og númer:

Þormóðsstaðavegur, Þormóðsstaðir. (Tösklag)

Möt framkvæmd: 21/3/1932.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með porti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í útveggjabindingi er pappi og sementssteypa er á milli bitanna yfir kjallaranum. Í kjallaranum eru skilveggir og gólf úr steinsteypu. Bæði í aðalhæðinni og rishæðinni er allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í aðelhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Í kjallaranum eru miðstöðvarherbergi, 4 geymsluklefar og þvottahús, v.s. og gangur.</p> <p>Stærð: L. 8.2 m. br. 7.6 m. h. 3.8 m. ris 3.8 m, kjh. 2.1 m.</p> <p>Inngönguskúr er v-ið norðurhlið hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.8 m. h. 5.7 m. skápak, kjh. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>19.698.-</p>
<p>Virt: 19/9 1975.</p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggðurbílskúr við húsið. (Steinsteypur en Húsið óskast einnig endurmetið. gólf og þak úr timbri)</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A. L. 8.2 m., Br. 7.6 m., H. 3.8 m., Ris. 3.8 m., Kj. 2.1 m. = 541 m³</p> <p>L. 2.5 m., Br. 2.8 m., H. 5.7 m., Ris. skápak. Kj. 2.1 m.</p> <p>B. L. 8.4 m., Br. 5.5 m., H. 2.5 m. = 116 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr.</p>	<p>5.951.000.-</p> <p>522.000.-</p> <p>6.473.000.-</p>

Gata og númer:

Þormóðsstaðavegur, Þormóðsstaðir.

Möt framkvæmd:	21/2/1942.	Metið kr.
a.	Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa og jární á veggjum og þaki. Það er einlyft með portí, risi og kjallara. (Brnr. var áður 2994). Húsið er allt þiljað innan, peppalagt og ýmist veggfóðrað eða málað. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús. Í rishæðinni er sama herbergja-skipun. Kjallarinn er hólfður í sundur í nokkrar geymslur. Þar er moldar-gólf. Stærð: L. 6.2 m. br. 6.3 m. h. 3.5 m. ris 3.0 m. kjh. 1.9 m. Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, byggður eins og það. 349 m^3	
	Stærð: L. 3.7 m. br. 3.2 m. h. 4.8 m. skápak, kjh. 1.9 m. og inngönguskúr Húsið, ásamt tilheyrandi, /er virt á..... kr. 589.000-	21.842.-
b.	Viðbygging er við austurgafli hússins, úr bindingi, klædd utan borðum, pappa og jární á veggjum og þaki. Þar eru 2 íbúðarherbergi og eldhús. Allt þiljað innan. Stofan strigalögð og veggfóðruð, en eldhúsið málað. Stærð: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 2.9 m. ris 1.3 m. $= 168 \text{ m}^3$	
	Viðbyggingin ásamt tilheyrandi, er virt á..... kr. 279.000	8.632.-
c.	Matarskáli er áfastur við byggingu þessa, byggður eins og viðbyggingin að ytri sem innri frágangi. Þar er matsalur og svefnherbergi með 18 föstum rúmstæðum. Stærð: L. 6.5 m. br. 6.3 m, h. 3.2 m. skápak. Inngönguskúr úr timbri, járnvarinn, þiljaður innan og málaður. Þar eru 2 gangar.	
	Stærð: L. 4.2 m. br. 1.6 m. h. 2.4 m. skápak. $= 147 \text{ m}^3$ Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á..... kr. 248.000-	8.174.-
d.	Fiskgeymsluskúr, byggður úr bindingi, klæddur utan með bárujární bæði veggir og þak. Steinsteypugólf er í skúrnum. Stærð: L. 19.0 m. br. 12.4 m. h. 2.7 m. skápak. $= 636 \text{ m}^3$	
	Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á..... kr. 165.000	8.682.-
e.	Fiskþvottahús (áður brnr. 2987), úr steinsteypu á 3 vegu, en austurgafli þess er úr bindingi, áfastur við fiskgeymsluhús úr timbri, er síðar verður lýst. Þak er úr borðasúð, pappa og jární. Allmikið bindingsverk er í rishæð hússins. Steinsteypugólf er í húsinu og allt er það múrsléttað utan. Stærð: L. 27.6 m. br. 13.0 m. h. 3.3 m. ris 4.1 m. $= 1902 \text{ m}^3$	
	Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... kr. 742.000-	45.686.-
f.	Fiskgeymsluhús er áfast við austurgafli þvottahússins, úr bindingi, klætt utan með jární á langböndum, bæði veggir og þak. Allt er húsið þiljað innan á bindinginn með panelborðum. Í húsinu er afþiljaður verkstjóraklefi. Flyt	93.016.-

Gata og númer:

Mót framkvæmd:	Metið kr
Timburgólf er í öllu húsinu. (áður brnr. 2987). Flutt	93.016.-
Stærð: L. 25.9 m. br. 13.0 m. h. 3.2 m. ris 1.8 m. = $1380 m^3$	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... <i>kr. 538.000</i>	32.440.-
g. Fiskgeymsluhús, (áður brnr. 2988), úr steinsteypu upp að risstöfnum, sem byggðir eru úr bindingi, með bárujárnri á borðaklæðningu. Þak er úr járnri á langböndum. Steinsteypugólf er í húsinu.	
Stærð: L. 28.7 m. br. 9.4 m. h. 2.7 m. ris 3.0 m. = $1133 m^3$	
Húsið er virt á..... <i>kr. 368.000</i>	20.061.-
h. Saltgeymsluhús, (áður brnr. 2989) úr bindingi, klætt utan járnri á langböndum, veggirnir, en þak er úr borðasúð, pappa og járnri. Innan á útveggjum er skáhöll plankagrind og þiljað á hana með plögðum 1" borðum. Gólf er úr plögðum 5/4" borðum. 2 burðarbitar með 4 stoðum eru undir risbyggingu hússins.	
Stærð: L. 11.7 m. br. 14.5 m. h. 3.4 m. ris 2.7 m. = $797 m^3$	
Húsið er virt á..... <i>kr. 418.000</i>	24.390.-
1. Geymsluhús, (áður brnr. 2990) byggt úr steinsteypu bæði veggir og þak. Húsið er topphús.	
Stærð: L. 7.8 m. br. 8.0 m. h. 2.5 m. ris 3.8 m. = $275 m^3$	
Húsið er virt á..... <i>kr. 120.000</i>	6.625.-
j. Lýsishreinsunarstöð, (áður brnr. 2991) úr bindingi, klætt utan með járnri á langböndum, bæði veggir og þak. Steinsteypugólf er í hálfu húsinu, en timburgólf í hinum hluta þess. Verkstjóraklefi, þiljaður, er í húsinu.	
Stærð: L. 10.0 m. br. 14.6 m, h. 3.5 m. skáþak.	
Geymsluskúr er áfastur við hreinsunarskúrinn, byggður eins og hann. <i>571 m³</i>	
Stærð: L. 3.6 m. br. 4.4 m. h. 3.8 m. skáþak.	
Húsið, ásamt geymsluskúr og tilheyrandi, er virt á..... <i>kr. 364.000</i>	18.113.-
k. Geymsluskúr (áður brnr. 2992), úr bindingi, klæddur utan járnri á langböndum, bæði veggir og þak.	
Stærð: L. 11.3 m. br. 6.3 m. h. 2.5 m. ris 1.1 m. = $214 m^3$	
Húsið er virt á..... <i>kr. 56.000</i>	2.718.-
l. Fjós og heyhlaða, (áður brnr. 2993), úr bindingi, klætt utan með járnri á langböndum, bæði veggir og þak. Fjós fyrir 2 kýr er afþiljað í 1 horni skúrsins, að öðru leyti notað til heygeymslu.	
Stærð: L. 12.6 m. br. 5.0 m. h. 3.1 m. skáþak. Skúrinn er virtur á..... <i>195 m³ 127.000</i>	7.400.-
m. Geymsluskúr (áður brnr. 2995) úr bindingi, klæddur utan járnri á langböndum, bæði veggir og þak. Skúrinn er hólfður í tvennt.	
Stærð: L. 10.0 m. br. 9.2 m. h. 3.0 m. skáþak. <i>277 m³</i> Skúrinn er virtur á..... <i>68.000</i>	3.888.-
<i>Samtals kr. 4.078.000</i>	Samtals 208.651.-

Gata og númer: Þormóssstaðir v/Þormóstaðaveg

Möt framkvæmd: 7/6/1971.	Metið kr.
Virt: 7/6/1971.	
Endurmetið til lækkunar vegna verðrýrnunar. Óbreytt að stærðum.	
Stærð hússins:	
D: fiskg. L. 19.0 m. br. 12.4 m. h. 2.7 m. = 636.00 m ³	242.000.-
E: fiskþv. L. 27.6 m. br. 13.0 m. h. 3.3 m. ris 4.1 m. =1902.00 m ³	1.065.000.-
F: fiskg. L. 25.9 m. br. 13.0 m. h. 3.2 m. ris 1.8 m. =1380.00 m ³	773.000.-
G: " L. 28.7 m. br. 9.4 m. h. 2.7 m. ris 3.0 m. =1133.00 m ³	533.000.-
H: saltg. L. 11.7 m. br. 14.5 m. h. 3.4 m. ris 2.7 m. = 797.00 m ³	598.000.-
I: g.st. L. 7.8 m. br. 8.0 m. h. 2.5 m. ris 3.8 m. = 275.00 m ³	173.000.-
J: lýsish. L. 10.0 m. br. 14.6 m. h. 3.5 m. ris skáp. = 571.00 m ³	514.000.-
K: geymsla L. 11.3 m. br. 6.3 m. h. 2.5 m. ris 1.1 m. = 214.00 m ³	81.000.-
M: do L. 10.0 m. br. 9.2 m. h. 3.0 m. ris skáp. = 97.00 m ³	97.000.-
Ath. A. B. C. og L. rífið.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	kr. 4.076.000.-

Gata og númer:

Þórsgata 1.

Möt framkvæmd: 18/10/1946.	Metið kr.
<p>Verzlunar- skrifstofu- og íbúðarhús o.fl., 3 hæðir, ris og kjallari, undir nokkrum hluta þess, byggt úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og bárujárni. 5 loft og stigar eru úr járnbentri steinsteypu, en öll aðalskilrúm eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er pappi í listum og trétexklæðning og allt múrhúðað og málað. I neðstu hæðinni eru 2 sölubúðir, 2 gangar, 2 snyrtiherbergi m/v.s. og stigagangur. I 2. hæð eru 7 skrifstofuherbergi, 1 steypibaðherbergi, 2 v.s., gangur og stigagangur. I 3. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi, 2 v.s., lækningarstofa og skrifstofa, gangur og fastir skápar. I 2. og 3. hæð eru veggir og loft klætt gibspötum og allt málað, dúkar eru á gólfum og stigum. I efstu hæð eru 7 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi, 2 v.s. og 2 gangar og stigagangur og fastir skápar, allt múrhúðað og málað og með dúkum á gólfum. Kjallari er undir nokkrum hluta hússins, múrhúðaur og hvíttáður. Þar er þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, 2 geymslur og gangur. Húsið er húðað utan með marmarasalla.</p> <p>Stærð Týsgötuálm: L. 16.0 m. br. 9.5 m. h. 8.8 m.</p> <p>" Þórsgötuálm: L. 3.6 m. br. 8.5 m. h. 8.8 m.</p> <p>4. hæð Týsgötuálm: L.16.0 m. br. 7.7 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m.</p> <p>" " Þórsgötuálm:L. 3.6 m. br.7.5 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m.</p> <p>Kjallari: L. 9.0 m. br. 9.5 m. h. 2.0 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	655.100.-

Möt framkvæmd: 21/8/1939.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og vírlagt á veggjum og múrhuðað með skeljasandi þar yfir, en járn yfir á þaki. Í bindingi er pappi. Allar íbúðir hússins eru strigalagðar og málaðar. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, 2 fastir skápar og v.s., í rishæðinni er 1 íbúðarherbergi og eldhús. Þar uppi er einnig geymsluherbergi. Kjallari er undir húsinu með steinsteypugólf. Þar er 1 íbúðarherbergi, 2 geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 6.3 m. h. 2.5 m. ris 2.5 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður eins og húsið.</p> <p>Stærð: L. 1.3 m. br. 4.6 m. h. 3.0 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>b. Girðingar eru virtar á.....</p>	<p>13.910.-</p> <p>400.-</p> <p>Samtals 14.310.-</p>
<p><u>Virt: 23/2.1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur flest verið endurnýjað í húsinu, svo sem tvöfalt gler sett í glugga nýtt eldhús og fleira. Stærðir hússins eru óhreyttar frá síðasta mati.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr</p>	<p>297.876.00</p>

Gata og númer:

Þórsgata 3.

	Metið kr.
Möt framkvæmd: 1/4/1943.	
<p>a. ^{og verzlunar,} Ibúðarhús, /einlyft, með portí, risi, krosskvísti, 2 kvistgluggum og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., 2 gangar og 2 fastir skápar. Innan á útveggjum er tvöföld borðagrind með vikingpappa á og panelþiljum innan á. Langskilveggur úr steinsteypu er í húsinu upp að þaklyfti, kalk-sléttaður með álímdum veggjapappír. Aðrir skilveggir eru úr binding með tvöföldum þiljum. Panelveggir og loft eru lögð striga og pappír, allt málað. Í þaklyfti eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., 2 fastir skápar og 2 gangar. Allt með sama frágangi eins og er í aðal hæðinni. Í efra þaklyfti eru 3 íbúðarherbergi og framloft. Ibúðarherbergin eru þiljuð, striga- og pappírslögð og máluð. Þar uppi er einnig v.s. Kjallari er undir öllu húsin með steinsteypugólfí. Þar er sölubúð með borðum og skápum og 2 íbúðarherbergi. Allir veggir eru úr steinsteypu, kalksléttaðir með álímdum veggjapappír, en strigi og pappír á loftum, allt málað. Þar er einnig þvottaherbergi, gangur og 2 skápar.</p> <p>Stærð: L. 9.4 m. h. 4.4 m. ris 4.7 m. kjh. 2.6 m.</p>	
<p>Inngönguskúr með kjallara er við austurgafi hússins, byggður eins og það. Þak og gólf er úr steinsteypu. Þakið myndar loftsvallir með steinsteypugirðingu á ytri brún. Geymsla er í kjallaranum, en í aðal hæð er inngangur, þiljaður, lagður striga og pappír á veggjum og lofti og málaður.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 3.8 m. h. 3.1 m. skápak, kjh. 2.6 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	134.580.-
<p>b. Smíðahús, úr steinsteypu með steinsteypuþaki. Allt er það þiljað innan með plögðum panelborðum.</p> <p>Stærð: L. 6.0 m. br. 4.0 m. h. 3.3 m. skápak.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	5.540.-
<p>c. Geymsluskúr er byggður við inngönguskúrinn, með samskonar frágangi.</p> <p>Stærð: L. 1.6 m. br. 1.3 m. h. 2.6 m. skápak.</p>	
<p>Skúrinn er virtur á.....</p>	240.-
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	140.360.-

Möt framkvæmd: 21/1/1934.

Metið kr.

a. Ibúðarhús, einlyft, með porti og risi, úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu er 1 loft úr járnþentri steinsteypu, en gólf neðri hæðarinnar og langskilveggur þar er úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Þverskilveggir í aðalhæðinni og allir skilveggir í rishæðinni eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig innan á þaksperrur og neðan á skambita. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað innan. Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi og eldhús. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., fataklefi og gangur. Á skambitum er gólf. Þar uppi er svefnherbergi, þiljað og málað og þurrkloft.

Stærð: L. 9.4 m. br. 7.6 m. h. 4.1 m. ris 4.1 m.

Inngönguskúr er byggður eins og húsið. Í neðri hæðinni er v.s. og gangur. Hann er þiljaður innan og málaður.

Stærð: L. 2.5 m. br. 2.6 m. h. 5.4 m. ris 0.7 m.

Viðbygging er við vesturgafli aðalhússins, byggð eins og það að efni til og öllum ytri frágangi. Þar er skrifstofuherbergi, bókaherbergi og anddyri. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og innan á hana klætt með grind með pappa í og innan á hana klætt með cellotexi og þar á límt veggfóður. Samskonar frágangur er á skilveggjum og sama efni neðan á loftbitum, nema loftin eru máluð. Steinsteypugólf er í viðbyggingunni og leirflísar þar yfir í anddyri.

Stærð: L. 3.2 m. br. 7.6 m. h. 3.1 m. skápak,

Húsið, ásamt inngönguskúr, viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á..... 27.170.-

b. Geymsluskúr er úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, byggður á sömu lóð. Gólf er úr steinsteypu og skilveggir sömuleiðis. Þar er þvotta-herbergi og 2 geymsluherbergi.

Stærð: L. 7.0 m. br. 3.1 m. h. 2.6 m. skápak.

Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á..... 1.348.-

Samtals 28.518.-

Gata og númer:

Þórsgata 5.

Möt framkvæmd: (1/2/1943.)15/5/1946.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með 4 gluggakvistum og risi, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og jární. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., fastur skápur, anddyri og gangur. Við vesturenda neðri hæðarinnar er enn fremur gangur með 2 vængjahurðum fyrir og 3 geymsluherbergi. Skilveggir eru allir úr steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind, pappi, listar og þiljur lagðar innan með veggjastriga og allt ýmist veggfóðrað eða málað. 2 gólf eru í húsinu úr járnbentri steinsteypu. Í neðri hæðinni er timburgólf yfir steinsteypugólfinu. Í efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, v.s. og anddyri. Allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni. Umhverfis eldavélar og vatnsskálar í eldhúsum eru veggirnir lagðir postulínsplötum. Í þaklyfti eru 3 íbúðarherbergi, aðherbergi m/v.s., þurrkloft og 2 gangar. Hér uppi eru skilveggir úr binding með tvöföldum þiljum og þiljað er innan á þaksperrur og íbúðin öll ýmist veggfóðruð eða máluð. Allt er húsið sementssléttað utan. Stigar eru úr timbri.</p> <p>Stærð: L. 13. 7 m. br. 8.2 m. h. 6.6 m. ris 2.6 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlið hússins, byggður eins og það að efni til og frágangi. Neðsta hæð hans er þiljuð innan með panel og máluð, hinar hæðirnar eru þiljaðar, veggfóðraðar og málaðar. Í skúrnum er fastur skápur og 3 gangar. Stærð: L. 2.4 m. br. 3.2 m. h. 8.2 m. ris 0.8 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á..... 128.860.-</p>	
<p>b. Þvottahús er byggt á sömu lóð, úr steinsteypu með járnþaki á súð. Í því er steinsteypugólf og allt er það sementssléttað innan.</p> <p>Stærð: L. 3.3 m. br. 3.8 m. h. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 3.650.-</p>	
	Samtals 132.510.-
<hr/>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/2/1943. Þar er nú hárgreiðslustofa.</p> <p>A. Íbúðarhús: L. 13.7 m. br. 8.2 m. h. 6.6 m. ris 2.6 m.</p> <p>" Inng.skúr: L. 2.4 m. br. 3.2 m. h. 8.2 m. ris 0.8 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á 238.700.-</p> <p>B. Þvottahús: L. 3.3 m. br. 3.8 m. h. 2.4 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 3.000.-</p>	
	Samtals 241.700.-

Gata og númer:

Þórsgata 6.

Möt framkvæmd: 6/1/1923.

Metið kr.

Íbúðarhús með risi, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Í binding er tjargaður strigi og milligólf er í öllum bitalögum og stoppað með mómyslnu. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, gangur og 4 fastir súðarskápar. Allt þiljað og málað.

Stærð: L. 6.3 m. br. 6.3 m. h. 3.0 m. ris 2.5 m.

Inngönguskúr er við suðurhlíð hússins, byggður eins og það, bæði að efni til og frágangi. Í honum er geymsluklefi, fastur skápur og gangur. Allt þiljað.

Stærð: L. 2.5 m. br. 3.1 m. h. 2.5 m. skápak.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

11.456.-

Gata og númer:

Þórsgata 7.

Möt framkvæmd: 15/10/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu með þaki úr borðasúð, pappa, listum og járni. Það er þrílyft, með risi og kjallara. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Allar íbúðir hússins eru vírlagðar og múrsléttaðar á báðum efri hæðunum, en neðsta hæðin er strigalögð og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í neðstu hæðinni og efstu er sama herbergjaskipun, í hvorri fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og baðherbergi m/v.s. Í miðhæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s. og gangur. Í kjallaranum eru 2 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi, v.s. og gangur. Stigar eru úr tré og húsið er múrhúðað utan.</p> <p>Stærð: L. 5.7 m. br. 10.0 m. h. 8.0 m. ris 1.5 m.</p> <p>Kj.st: L. 5.7 m. br. 5.0 m. h. 1.9 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	87480.-
<p>b. Íbúðarhús er á baklóðinni, byggt eins og aðalhúsið. Þar er íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað, veggfóðrað og málað. Í kjallaranum er þvottaherbergi og geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 5.7 m. br. 3.7 m. h. 2.5 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p>	
<p>Húsið ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	11.420.-
<p>c. Geymsluhús úr steini, með steinsteypu þaki.</p> <p>Stærð: L. 5.8 m. br. 3.4 m. h. 4.2 m. skápak.</p> <p>Kj.st: L. 5.8 m. br. 2.7 m. h. 1.8 m.</p>	
<p>Húsið er virt á.....</p>	7.920.-
<p>Samtals</p>	<p>106.820.-^v</p>

Gata og númer:

Þórsgata 7a.

Möt framkvæmd: 1/11/1943. 12/5/1966	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft með kvisti og risi. Það er byggt úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en gólf neðri hæðarinnar og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind, pappi og þiljur. Í neðri hæðinni eru þær strigalagðar, en í efri hæð og rishæð vírlagðar og ásamt skilveggjum og loftum múrsléttaðar. Allar íbúðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og opinn gangur. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, baðherbergi, þurrkloft og gangur. Stigar eru úr tré. Húsið er múrhúðað utan.</p> <p>Stærð: L. 6.8 m. br. 7.0 m. h. 5.5 m. ris 3.7 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður við húsið úr samskonar efni og með samskonar frágangi eins og það. Í honum er stigagangur og 2 v.s.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.2 m. h. 7.7 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>b. Geymsluskúr er byggður á baklóð hússins, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Steinsteypugólf er í skúrnum. Þar er þvottahús og geymslur.</p> <p>Stærð: L. 6.7 m. br. 3.0 m. h. 2.2 m. ské-þak .</p> <p>Skúrinn er ásamt tilheyrandi, virtur á.....</p>	<p>69.310.-</p> <p>3.700.-^v</p> <p>Samtals 73.010.-^v</p>
<p><u>Virt 28/3/1966</u></p> <p>Frá síðasta mati, 1/11/1943, hefur verið gerð breyting á innréttingum á öllum hæðum. Skipt um eldhúsinnréttingar á báðum hæðum og sett nýtt í rishæðina, bað og skápar einnig endurnýjað og hurðir. Allt málað og dúklagt. Hitakerfi og rafmagn endurnýjað.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 6.8 m., br. 7.0 m., h. 5.5 m., ris 3.7 m.</p> <p>" L. 2.5 m., br. 2.2 m., h. 7.7 m. = 390.00 m³</p> <p>B: L. 6.7 m., br. 3.0 m., h. 2.2 m. = 44.00 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á</p>	<p>925.000.-</p> <p>30.000.-</p> <p>kr. 955.000.-</p>

Gata og númer:

Þórsgata 8.

Möt framkvæmd:	Metið kr.
1/8/1943. c. 28/2/1953.	
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa og jární á veggjum og þaki. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað og stoppað í binding. Veggir og loft eru lögð striga og pappír. Allt málað. Í þaklyfti eru 5 íbúðarherbergi, gangur og v.s. Allt með sama frágangi eins og er í aðalhæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi og útveggjum er undir öllu húsinu.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 4.4 m. ris 1.6 m. kjh. 1.6 m.</p> <p>Inngönguskúr er við austurhlíð hússins, úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð.</p> <p>Stærð: L. 2.3 m. br. 1.7 m. h. 3.2 m. skápak, kjh. 1.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	51.100.-
<p>b. Íbúðarhús, tvílyft, með kvisti og risi, úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 2 loft úr járnþentri steinsteypu, en gólf þess og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með insolitplötum í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á. Allar íbúðir hússins eru múrsléttæðar og ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í neðri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 1 steypibaðklefi m/v.s., fata-skápur, þvotta- og miðstöðvarherbergi, kolaklefi, 3 gangar og anddyri. Í efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 steypibaðklefar m/v.s., anddyri og 2 gangar og opinn þakpallur. Í austurhluta rishæðarinnar eru 4 geymsluherbergi, þurrkloft, gangur og anddyri, en austurhluti þess, kvisturinn er enn ófullgerður. Stigar eru úr tré. Húsið er múrhúðað utan.</p> <p>Stærð: L. 16.0 m. br. 9.5 m. h. 5.6 m. ris 4.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	184.225.-
	Samtals 235.325.-
<u>c. Virt 28/2/1953.</u>	
<p>Ný millibygging (við staflíð B) til íbúðar, 2 hæðir og ris, byggð úr steinsteypu, vikurkladd innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujární. Á neðri hæð eru 1 íbúðarherbergi, steypibaðklefi m/v.s., forstofa, allt málað og dúklegt. Á efri hæð er 1 íbúðarherbergi, málað og dúklegt. Inngangur úr aðalhúsinu. Þakhað ónothæf.</p> <p>Stærð hússins: L 4.8 br. 4.6 h. 5.6 ris 1.4 = 139.10 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	69.600.00
	Samtals krónur 304.925.25

Mót framkvæmd: (15/9/1923.) (13/6/1952.) 30/6 1954

Metið kr.

Ibúðarhús, úr steinsteypu, með jarnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðalherðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, með samskonar frégangi eins og er í aðalherðinni. Geymslukjallari er undir hálfu húsinu. Stærð: L. 6.3 m. br. 7.1 m. h. 4.4 m. ris 2.8 m. kjh. 1.3 m.

Viðbygging er við vesturhlíð hússins, byggð eins og það. Þar er 1 íbúðarherbergi, þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Þar er ennfremur gangur. Stærð: L. 7.1 m. br. 2.8 m. h. 2.8 m. skáþak.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....

15.972.-

Virt 13/6/1952.

Húsið hefir mikið verið breytt og endurbætt innan frá síðasta mati 15. september 1923: Rifinn milliveggur úr timbri milli tveggja herbergja og þau múrhuðud, veggir og loft og máluð og gólfíð lagt texti og nýjum línóleumdúk. Eldhúsið, sem áður var panelklætt, var þiljað innan að nýju með sléttum þilplötum og gólfíð lagt tex-plötum og nýjum línóleum dúk. Nýjar danskar innréttingar settar í eldhúsið: Vaskaborð og nýr vaskur, matborð, 2 eldhúsbord-skápar, klappborð, kútaskápur, 2 veggskápar m/glerhurðum og 2 eldhússtólar. Veggir við eldavél og vask klæddir opalgleri og fluorescentljósabúnaður settur í loftið. Eldhúsið allt lakk málað innan. Gamall múrsteinsreykháfur í svefnherbergi rifinn niður, hluti milliveggjar úr steini brotinn niður og innbyggðum klæðaskáp komið fyrir, dyr fluttar og stækkaðar og ný hurð sett fyrir. Hurðir og gluggar lakk máluð, loft matt máluð, veggir veggfóðraðir og gólf lagt texti og nýjum línóleumdúk. Herbergi þar innaraf var skipt í tvennt m/hlöðnum múrhuðudum vikurvegg, trégólf rífið og steinsteyppt nýtt gólf og terrassolagt. Útveggir múrhuðaðir, annað herbergið gert að baðherbergi m/venjulegum útbúnaði, kerlaug og steypu; frárennsli lagt í herbergið og aðrar leiðslur fyrir rafmagn og heitt og kalt vatn. Hitt herbergið gert að bakdyragangi m/stórum innbyggðum skáp úr mahogny. Baðið og gangurinn lakk málað. (Forstofugangur þiljaður masonit upp á miðja vegg og málað bæði uppi og niðri;) gólf á neðri hæð og stigi dúklagt.

Ibúðarhús:	L 6.3	br. 7.1	h. 4.4	ris 2.8	kj. 1.3	=	259.43 m ³
Viðbygg. :	L 7.1	br. 2.8	h. 2.8	skáþak		=	55.66 m ³
Kj. undir 1/7:			h. 1.3			=	29.08 m ³
							<u>344.17 m³</u>

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....

182.400.00

Gata og númer:

DÓSGATA 9

Möt framkvæmd: 30/6 1954 25/3/1969.

Metið kr

Hefir frá síðasta mati 13. júní 1952 tekið nokkuri breytingu, þar sem viðbyggingin hefir verið hækkuð um 1 hæð m/skápaki. Húsið er nú 2 hæðir, ris og kjallarahola undir 1/4. Það er allt úr steinsteypu, múrhúðað utan, klætt innan timbri, pappa og múrhúðað og með þaki úr timbri, pappa og bárujárn. - Á neðri hæð eru nú 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, steypu og v.s., anddyri, innri gangur og stigahús, allt málað, ópálgler er á eldhúsveggjum og fluor, jósi í lofti, allt dúklagt nema terrassó á litlu þvottahúsi. - Á efri hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., stigahús, innri gangur m/fatahengi, allt málað og dúklagt. - Þakhæð ómanneng. - Kjallarinn ómannengur og lítill, aðeins fyrir hitalögn og miðstöð.

Íbúðarhús : L. 9.0 m. Br. 7.0 m. H. 5.3 m. ris 1.1 m = 371.70 m³

Útskot : L. 2.5 m. Br. 2,7 m.mH. 5.8 m. = 39.15 m³

410.85 m³

Húsið með útskoti og tilheyrandi er metið ákr. 287.600.00

Kr. 287.600.00

Virt:25/3/1969.

Ýmsar endurbætur hafa verið gerðar á húsinu frá síðasta mati 30/6/1954, og er óskað hækkunar á matinu til samræmis við gildandi verðlag.

Stærð hússins:

L. 9.0 m., br. 7.0 m., h. 5.3 m., ris 1.1 m.

L. 2.5 m., br. 2.7 m., h. 5.8 m., ris = 411.00 m³.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 1.440.000.-

Möt framkvæmd: 1/5/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með risi, úr holsteini, með járnþaki á borðasúð, pappa, listum og jární. Skilveggir eru úr binding og borðum. Sömuleiðis loft og gólf. Útveggir allir eru sementssléttaðir utan og innan. Í aðelhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 2 fastir skápar. Veggir eru lagðir pappa, en loft striga og pappír, allt málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi og gangur, þiljað og málað.</p>	
Stærð: L. 6.9 m. br. 6.0 m. h. 2.8 m. ris 2.5 m.	
Inngönguskúr er við austurgafli hússins, byggður eins og það.	
Stærð: L. 1.3 m. br. 4.0 m. h. 2.5 m. skápak.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	25.000.-
<p>b. Geymsluskúr er við vesturgafli hússins, byggður úr bindingi með jární á langböndum, bæði veggir og þak.</p>	
Stærð: L. 4.1 m. br. 5.0 m. h. 2.0 m. (h. 2.0 m.) skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	2.050.-
<p>c. Viðbygging er við austurhlíð hússins litra a, úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Þar er 1 íbúðarherbergi, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað.</p>	
Stærð: L. 4.0 m. br. 2.5 m. h. 2.3 m. skápak.	
Viðbyggingin er virt á.....	1.840.-
<p>c. Íbúðarhús, tvílyft, með stórum kvisti, 2 gluggakvistum, porti og risi, úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. 2 gólf eru úr járnbentri steinsteypu og neðsta gólfíð sem og allir skilveggir beggja hæðanna eru úr venjulegri steinsteypu. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri og 3 gangar. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og allur er þessi hluti hæðarinnar ýmist veggfóðraður eða málaður innan. Auk þessa er í hæðinni miðstöðvarklefi og opin gangur í gegnum húsið. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, fastur skápur, anddyri og 2 gangar. Allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni. Í þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, bæðherbergi, v.s. og anddyri, 2 fastir skápar og gangur. Hér uppi eru allir skilveggir úr bindingi, með tvöföldum þiljum og þiljur eru einnig neðan á loftbitum innan á rissúð og steinsteypuporti og stöfnum. Allt lagt striga og vélapappír og málað. Stærð: L. 16.0 m. br. 6.9 m. h. 6.4 m. ris 2.1 m. <i>Stigarák</i></p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	114.880.-
<p>d. Geymsluskúr úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og jární. Þar er steinsteypugólf, 1 skilveggur úr steinsteypu og 2 úr timbri. Þar eru 2 geymslusklefar og þvottahús. Stærð: L. 6.5 m. br. 2.3 m. h. 2.6 m. skápak. Virtur á</p>	
H. 4. 6500944	3.340.-
	Samtals 147.110.-

Gata og númer:

Þórsgata 11.

Möt framkvæmd: 3/6/1922.

Metið kr.

Ibúðarhús, einlyft, með skúrþaki, úr borðasúð, pappa og járn, byggt úr holsteini. Skilveggir allir eru úr steiptum steinum. Allir veggir eru sementssléttaðir og málaðir innan. Loft eru úr timbri, laögð striga og pappír og máluð. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, geymsluherbergi og v.s. Stærð: L. 8.8 m. br. 4.4 m. h. 2.5 m. skápak.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

8.010.-

Gata og númer:

ÞÓRSGATA 12.

Möt framkvæmd: 20/4/1963.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 3 hæðir og kjallari undir hluta hússins, byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, slétt húsað og málað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Hitaveita.</p> <p>Á 1. hæð eru 10 íbúðarherbergi, 2 eldhús m/borðkrókum, 2 baðherbergi m/kerlaugum 2 v. s. og 2 handlaugar, anddyri, skáli og 2 forstofur. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Tvöfalt gler er í gluggum og harðviður í hurðum. 2 svalir.</p> <p>2. hæð er eins og 1. hæð.</p> <p>3. hæð er eins og 1. hæð.</p> <p>Í kjallara er þvottahús og þurkherbergi, kyndiklefi, 6 geymslur og sorpgeymsla.</p> <p>Stærð hússins: L. 20.5 m., br. 12.55 m., h. 11.5 m.</p> <p>Kjallari: " 10.0 " " 11.00 " kjh. 2.20 m. = 3.200.00 m³.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á kr. 4.640.000.-</p>	

Möt framkvæmd: 11/12/1925.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu neðri hæðin, en sú efri úr vinkilsteini, en þak úr bárujárni á borðasúð, með pappa á milli. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús. Langskilveggur er úr steinsteypu, en þverskilveggir úr binding með tvöföldum þiljum. Innan á útveggjum er borðagrind með asfaltþappa í og panelþiljum þar innan á. Klætt er með borðum neðan á loftbita. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Í efri hæðinni er samskonar herbergjaskipun eins og er í neðri hæðinni og frágangur eins að öðru leyti en því, að hér eru skilveggir allir úr timbri og ekki þiljað innan á útveggi. Í þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, baðherbergi, 2 fastir skápar og gangur, allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhäðinni.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 7.5 m. h. 5.7 m. ris 3.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það. Þar er í neðstu hæðinni stigegangur og v.s., en í efri hæðinni geymsluklefi og gangur og í þaklyfti geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 3.3 m. br. 3.2 m. h. 5.7 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>30.091.-</p>
<p>b. Geymsluskúr er byggður á sömu lóð, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð. Þar er þvóttaherbergi, geymsluherbergi. Gólf og skilveggir eru úr steinsteypu.</p> <p>Stærð: L. 6.2 m. br. 2.8 m. h. 3.1 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>1.867.-</p>
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	<p>31.958.-</p>

Gata og númer:

Þórsgata 14.

Möt framkvæmd: 1/8/1942.	Metið kr.
<p>Ibúðar- og verzlunarhús, einlyft, með 2 gluggakvistum, risi og kjallara, úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. I húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað innan. Í aðalhæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, anddyri og gangur. I rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, þvottahús, geymsluherbergi og gangur. I kjallaranum er sölubúð með búðargögnum, geymsluherbergi, 1 íbúðarherbergi, eldhús, miðstöðvarherbergi, v.s. og gangur. Stigi er úr timbri. Húsið er múrsléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 13.0 m. br. 7.6 m. h. 2.8 m. ris 3.2 m. kjh. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>100.140.-</p> <hr/>
<p><u>Virt 15/12/1959.</u></p> <p>Er ný viðbygging, tvær hæðir, byggð úr steinsteypu, einangrað með vikri, múrhúsað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárn.</p> <p>Á 1. hæð er veitingastofa, eldhús, v.s. og handlaug og geymsla. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru málaðar og einfalt gler er í gluggum. Bakdyraútgangur.</p> <p>Á 2. hæð er 1 íbúðarherbergi. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru málaðar og einfalt gler er í gluggum.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 4.85 m., br. 7.85 m., h. 5.5 m., " 3.00 " " 1.85 " " 2.70 " = 224.38 m³.</p> <p>Viðbyggingin með tilheyrandi er metin á.....</p>	<p>kr. 258.000.-</p>

Gata og númer:

Þórsgata 15.

Möt framkvæmd: (1/8/1942.) 5/3 1954.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft með port, kvisti og risi og kjallara. Það er byggt úr holsteini, með þaki úr járni á borðasúð. Innan á útveggjum er tvöföld borðagrind, með pappa í milli. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og skápur. Þiljað og pappi á veggjum, en strigi og pappír á loftum. Í 2. hæð er sama herbergjaskipun og frágangur. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og þurrkloft. Allt þiljað innan og íbúðarherbergin og eldhúsin ýmist veggfóðrað og málað innan. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypu-lofti. Þar eru 3 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað.</p> <p>Stærð: L. 8.2 m. br. 7.5 m. h. 6.5 m. ris 2.7 m. kjh. 2.3 m.</p> <p>Inngönguskúr er byggður eins og húsið. Í þakhæð hans er baðherbergi m/v.s. og gangur. Veggsvaflir eru út frá skúrnum.</p> <p>Stærð: L. 3.4 m. br. 3.0 m. h. 7.6 m. kjh. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	96.160.- ^v
<p>b. Þvottahús úr holsteini, með járnþaki, skilrúm og gólf er úr steinsteypu.</p> <p>Stærð: L. 6.2 m. br. 2.8 m. h. 2.2 m. skápak.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	3.480.- ^v
<p>c. Geymsluhús, úr timbri m/járnþaki og steinsteypugólfi, þiljað í þrennt.</p> <p>Stærð: L. 4.2 m. br. 1.6 m. h. 1.7 m. skápak.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	550.- ^v
<p>d. Geymsluhús, byggt eins.</p> <p>Stærð: L. 2.7 m. h. 1.2 m. h. 1.8 m. skápak.</p> <p>Húsið er virt á.....</p>	300.- ^v
Samtals	100.490.- ^v
<p><u>Virt 5/3 1954.</u></p> <p>Ný viðbygging, 3 hæðir og ris, byggð úr steinsteypu, öll skilrúm steipt eða vikurhlaðin, óhúðað utan, vikurklaedd innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.</p> <p>Á neðstu hæð eru 2 sölubúðir ófrágengnar. - Á annari hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., stigahús, innri forstofa, allt málað til bráðabirgða og dúklagt. - Á þriðju hæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi með keru og v.s., stigahús og innri forstofa, allt málað til bráðabirgða og dúklagt.</p> <p>Stærð hússins: L. 7.5 m. Br. 6.4 m. H. 8.2 m. Ris 0.9 m. = 417.6 m³</p> <p>Viðbyggingin með tilheyrandi, er metin á kr. 167.000.00</p>	

Gata og númer:

Þórsgata 16.

Möt framkvæmd: (2/1/1944.)(28/1/1946.) 20/1/1961. 14/11/1964. 22/9/1966	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum og pappa á veggjum og járn á þaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðal hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað og með pappa á veggjum og loftum, allt málað. Í rishæðinni er geymsla.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 4.2 m. h. 3.0 m. ris 1.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	21.590.-
<p>a. Húsið hefir verið endurbætt hvað viðhald snertir, en að öðru leyti óbreytt frá síðasta mati. 2/1/1944.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 4.2 m. h. 3.0 m. ris 1.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	26.700.-
<p>b. Geymsluskúr er byggður á loftinni, úr timbri með járn á veggjum og þaki. Timburgólf er í honum.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.0 m. h. 2.0 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	1.000.-
Samtals	27.700.-
Virt 20/1. 1961.	
<p>Frá síðasta mati, 28/1. 1946, hefur húsið verið endurbætt mikið að innan og óskast metið til hækkunar.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 7.5 m., br. 4.2 m., h. 3.0 m., ris 1.4 m. = 116.55 m³kr. 136.700.-</p> <p>B: " 2.5 " " 2.0 " " 2.0 " skáp. = 10.00 m³ " 5.000.-</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á kr. 141.700.-</p>	
Virt 14/11/1964.	
<p>Óskað er endurmats vegna hækkandi verðlags. Ýmsir endurbætur hafa verið gerðar á húsinu frá síðasta mati, 20/1/1961.</p> <p>Kjallari: Kjallari fex hefur verið settur undir hluta af húsinu, þar eru 2 herbergi, eldhús gangur, snyrtiherbergi m/v. s. og handlaug og þvottahús.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 7.5 m., br. 4.2 m., h. 3.0 m., ris 1.4 m., = 116.55 m³</p> <p>" kj. L. 3.5 m., br. 4.2 m. kj. 2.0 m. = 29.40 m³</p> <p style="text-align: right;">145.95 m³</p> <p>B: L. 2.5 m., br. 2.0 m., h. 2.0 m = 10.00 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 258.000.-</p>	
Virt 22/9/1966	
<p>Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati 14/11/1964, en innréttingar hafa verið auknar. Húsið ósra st endurnetið vegna hækkandi verðlags.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 7.5 m., br. 4.2 m., h. 3.0 m., ris 1.4 m.</p> <p style="text-align: right;">kj. L. 3.5 m., br. 4.2 m. kj. 2.0 m. = 146.00 m³</p> <p>B: L. 2.5 m., br. 2.0 m. 2.0 m. 10.00 m³</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 324.000.-</p>	

Gata og númer:

Þórsgata 16 E. A

Möt framkvæmd: 18/11/1922.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr hlöðnum steinlímdum holsteini upp að þakskeggi, en ristafnar eru úr binding, klætt utan með borðum og pappu. Þak er úr borðasúð, pappu og járnþak yfir. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi og eldhús. Innan á útveggjum er borðagrind með pappu í og þiljum þar innan á. Skilveggir eru úr steiptum steini, sementssléttaðir með álímdum veggjapappir. Neðan á loftbitum eru panelþiljur. Allar þiljur, bæði á útveggjum og loftum eru lagðar striga og pappir og allt málað. *Stað: L. 6. 3. m. Þ. 6. 3. m. N. 2. 9. m. Þ. 1. 9. m. -*

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

7.180.-
=====

Gata og númer:

Þórsgata 17 a.

Möt framkvæmd: 1/7/1943.	Metið kr.
<p>a. Ibúðar- og verzlunarhús, tvílyft, með risi, porti og kvisti. Það er úr steinsteypu, með þaki úr bérujárni á pappa og borðasúð. I húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eftir endilöngu húsinu eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað innan, þverskilveggi-r og allir skilveggir ris hæðarinnar eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig neðan á skambbita og innan á þaksperrur. Þiljað er sömuleiðis innan á útveggi hússins. Þiljur eru lagðar striga og vélepappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. I hvorri aðalhæðinni fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri, v.s., gangur. I þaklyfti eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s. anddyri og gangur. Á skambbitum er gólf, þar uppi er þurrkloft. I kjallaranum er brauðabúð með borði, skúffum og hillum, þvottahús, miðstöðvarherbergi, v.s., fastur skápur og opinn gangur í gegnum húsið. 2 veggpallar með steinsteyðuhandrið er á norðurhlið hússins. Stigar eru úr tré. Húsið er múrsléttað utan.</p>	
Stærð: L. 7.0 m. br. 8.0 m. h. 6.7 m. ris 4.6 m. kjh. 2.2 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	101.390.-
<p>b. Geymsluskúr er á baklóð hússins, úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð. Golf og skilveggir eru úr steinsteypu. Þar eru 4 geymslúklefar.</p>	
Stærð: L. 6.7 m. br. 3.0 m. h. 3.0 m.	
Skúrinn er virtur á.....	3.000.-
Samtals	104.390.-
Virt:5/5.1981.	
Húsið hefur verið endurmetið til hækkunar, stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati eða A.liður.627 m ³ , virtur á 768.075.- kr og B.liður.60 m ³ , virtur á 15.200.- kr.	
Húsið ásamt tilheyrandi er virtur á.....	kr 783.275.-

Gata og númer:

Þórsgata 17.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.

Metið kr.

Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa og þrísettur fastur skápur, allt málað og dúklagt. Þakhæðin er ónothæf. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, þrísettur fastur skápur, allt málað og dúklagt, ennfremur þvottahús, olfumiðstöðvarklefi, stigagangur og geymsla undir útitröppum.

Stærð hússins: L 8.5 m. br. 8.9 m. h. 2.7 m. ris 2.8 m. kj. 2.6 m.

" útskots: L 1.5 m. br. 5.3 m. h. 2.7 m. ris 0.6 m. kj. 2.6 m.

Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....

198.500.-V

Gata og númer: Æsufell 4

Möt framkvæmd: 22.ágúst 1973.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 8 hæðir, er byggt úr steinsteypu. Kjallari er einnig í húsinu. Einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Steypt loft og asfaltborinn pappi á þaki. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, 2 forstofur, 9 íbúðarherbergi, 2 eldhús með borðkrók. 2 baðherbergi með kerlaug, 3 vs., 3 handlaugar. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru máluð.</p> <p>Ath. sameign með nr. 2 og 6, : barnagæzla, tómsundaherbergi, sauna og 1 geymsla.</p> <p>2.- 7. hæð: Þar er stigahús, gangur, 21 íbúðarherbergi, 6 eldhús, 6 baðherbergi með kerlaug, 7 vs., 8 handlaugar. Svalir eru sex. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð. 2 einstaklingsherbergi (sameign). 1 geymsla.</p> <p>8.hæð: Þar er stigahús. Gangur, 4 íbúðarherbergi, 1 eldhús. 1 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. Svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð. 1 geymsla.</p> <p>Í kjallara eru 32 geymslur + frystigeymsla og sorpgeymsla. Auk þess er 1 þvottaherbergi og þurrkherbergi og kyndiklefi.</p> <p>Lyfta er í húsinu.</p> <p>13 bílgeymslur.</p> <p>Stærð hússins: $679,50 \text{ m}^2 = \underline{15.554 \text{ m}^3}$</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á	95.922.000.-

Gata og númer: Æsufell 2

Möt framkvæmd: 28.okt. 1972	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 8 hæðir og kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er steipt og tréris klætt pappa. Hitaveita er í húsinu.</p> <p>1.hæð: Þar eru 5 anddyri, 2 gangar, 14 íbúðarherbergi, 5 eldhús. 5 baðherbergi með kerlaug, 6 V:S., 7 handlaugar. 1 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, veggfóðraðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. 3 búr, 1 sameiginleg geymsla, 1 hárgreiðslustofa 1 vinnuherbergi og 1 afdrep).</p> <p>2.-7.hæð: Þar er stigahús, 17 íbúðarherbergi, 6 eldhús, 6 baðherbergi með kerlaug, 8 handlaugar, 6 vs. 7 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og veggfóðraðir að hluta. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð, einnig parket. Auk þess eru 4 búr, 2 geymslur. 6 íbúðir eru á hverri hæð.</p> <p>8.hæð: Þar er lyfta, anddyri, 5 íbúðarherbergi, eldhús. 1 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð. Auk þess eru 2 geymslur, terrace út úr stofu og 1 þakgata sameiginleg fyrir húsið.</p> <p>Kjallari: Þar er anddyri, gangur, 29 geymslur, 7 bílgeymslur, 1 sorpgeymsla, 1 frystigeymsla. Veggir eru málaðir. Hurðir málaðar. Gólf máluð.</p> <p>Stærð hússins: $551.2 \text{ m}^2 = 12.731,0 \text{ m}^3$</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>59.479.000.-</p>

Gata og númer: Esufell 6

Möt framkvæmd: 31.des.1971	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 8 hæðir og kjallari, byggt úr steinsteypu, eingngrað með plasti, slétthúðað og málað utan, þimbur pappi og klætt tjörupappa.</p> <p>1. hæð: Þar eru 5 anddyri, 2 gangar 14 íbúðarherbergi, 5 eldhús, 5 baðherbergi m/kerlaugum, 6 v.s. og 7 handlaugar. 1 svalir, skápar eru innbyggðir, hurðir úr harðviði í gluggum er tvöfalt gler, veggir ýmist málaðir eða xx veggfóðraðir. Ennfremur eru 3 búr, 1 sameiginleg geymsla, 1 hárgreiðslustofa (1 vinnuherbergi og afdrep).</p> <p>2-7. hæð: Þar er stigahús, 17 íbúðarherbergi, 6 eldhús, 6 kerlaugar 6 v.s. og 8 handlaugar. 7 svalir. Skápar eru innbyggðir, hurðir úr harðviði í gluggum er tvöfalt gler, veggir málaðir og að hluta veggfóðraðir. Á gólfum er ýmist parket eða dúkár.</p> <p>Ennfremur eru 4 búr, 2 geymslur. (Þetta eru 6 íbúðir á hverri hæð).</p> <p>8. hæð: Þar er lyfta, anddyri 5 íbúðarherbergi 1 eldhús, 1 kerlaug, 2 v.s. og 2 handlaugar. 2 svalir. Skápar eru innbyggðir, hurðir úr harðviði í gluggum er tvöfalt gler. Allt málað og dúklagt.</p> <p>Ennfremur eru 2 geymslur. Terras gengur út úr stofu og er 1 þakgarður sem tilheyrir öllu húsinu.</p> <p>Kjallari: Þar er 1 anddyri, gangur. hurðir málaðar, veggir og gólf máluð.</p> <p>Auk þess eru 29 geymslur, 1 þvottahús og kyndiklefi. 1 sorpgeymsla, og frystigeymsla. 7 bílgeymslur.</p> <p>Stærð hússins: $551.2 \text{ m}^2 = 12.731.00 \text{ m}^3$.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á</p>	<p>kr. <u>59.479.000.-</u></p>

Gata og númer:

Öldugata 2.

Möt framkvæmd: 1/6/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, með kvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu með járnpaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallara-gólf og skilveggir kjallarans og aðalheðanna eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, þá kemur annað þappalag á listum, svo vírnet, sem múrsléttað er á. Öll steinsteypa innan-húss er einnig múrsléttuð. Í risheðinni eru skilveggir allir úr bindingi með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig neðan á skambita og innan á þaksperrur, nema á þurrklofti. Á milli þilja þaksúðarinnar er stoppað með sagspónum. Allar þiljur risheðarinnar eru strigalagðar og allar íbúðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í hvorri aðalheðanna fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi, v.s., fastur skápur, anddyri og 2 gangar. Í risheðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri, gangur og þurrkloft. Í kjallaranum eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., 2 geymsluherbergi, þvottahús, miðstöðvarherbergi, kolaklefi og 2 gangar. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur inni kjallarann og geymsluklefi. Gúmmidúkur er á baðherbergja- og vatnssalernagólfum og gólfum tveggja anddyra. Stigar eru úr tré og húsið er hraunhúðað utan.</p> <p>Stærð: L. 11.5 m. br. 10.0 m. h. 6.6 m. ris 3.0 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	188.690.-
<p>b. Bifreiða- og geymsluskúr, úr steinsteypu með járnpaki á pappa og borðasúð. Skilveggur úr steinsteypu er eftir endilöngum skúrnum, öðru megin hans er bílskúrin, en hinumegin 2 geymsluherbergi, þiljuð innan. Skúrin er múrsléttuð utan.</p> <p>Stærð: L. 6.5 m. br. 5.0 m. h. 3.0 m.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>	6.860.-
Samtals	195.550.-

Gata og númer:

Öldugata 3.

Möt framkvæmd: 1/7/1941.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með 2 kvistum, 2 gluggakvistum, porti, geirarisi og kjallara, úr steinsteypu með þaki úr borðasúð, pappa og eternitplötum. Í húsinu eru 3 gólf úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir aðal- hæðann og kjallarans eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og korktex-plötum þar innan á, sem múrsléttað er á. Í rishæðinni eru því nær allir skilveggir úr timbur- bindingi með tvöföldum þiljum. Þiljað er hér einnig neðan á skambita og innan á þaksperrur. Allar íbúðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Veggvalir eru yfir aðalútidyrum. Í neðri hæðinni eru 3 lækningastofur, bið- herbergi, vinnustofa, skrifstofa, baðherbergi, v.s., fastur skápur, anddyri og gangur. Í efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi, v.s., anddyri og gangur. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., 2 fastir skápar, anddyri og gangur. Á skambitalögum er gólf. Þar uppi er geymsla. Í kjallaranum eru þvottahús, þurrkherbergi, miðstöðvarherbergi, 3 geymsluherbergi, kolaklefi, straustofa og 2 gangar. Gólfdukar allir eru lin- oleumdukar "Extra-þykkt". Stigar eru úr timbri. Húsið er múrsléttað utan. Stærð: L. 11.5 m. br. 10.0 m. h. 6.2 m. ris 4.2 m. kjh. 2.0 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	92.950.-
<p>b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu með þaki úr borðasúð, pappa og bárujarni. Í skúrnum er steinsteypugólf og hann er múrsléttaður utan og innan. Stærð: L. 5.0 m. br. 3.1 m. h. 2,5 m.</p>	
Skúrinn er virtur á.....	1.560.-
Samtals	94.510.-

Gata og númer:

Öldugata 4.

Möt framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð, með pappa í milli. Í neðri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr baðherbergi og gangur. Gólf er úr steinsteypu, sem og langskilveggur, hann er kalksléttður beggja megin og málaður. Innan á útveggjum er plankagrind með pappa í og þiljum innan á. Aðrir skilveggir eru úr binding með tvöföldum þiljum og þiljur eru einnig neðan á loftbitum. Allt lagt striga og pappir og ýmist málað eða veggfóðrað. Veggir eldhúss og baðherbergis eru lagðir postulínsflísum allt í kring og gólf baðherbergis er lagt leirflísum. Í efri hæð hússins er samskonar herbergjaskipun og frágangur allur eins og er í neðri hæðinni að því frá skildu að þar er timburgólf á bitalögum með milligólfi og sagspónastoppi á milli gólfanna. Undir öllu húsinu er kjallari með gólfi og skilveggjum úr steinsteypu. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Þar er enn fremur 3 geymsluherbergi og þvottaherbergi, allt kalksléttað og hvíttað.</p> <p>Stærð: L. 12.6 m. br. 9.4 m. h. 6.7 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturgafi hússins, byggður eins og það að öllu leyti bæði utan og innan með kjallara undir, jafn háum hússins. Við hann eru steinsteyputröppur. Gólf skúrsins er lagt leirflísum.</p> <p>Stærð: L. 3.1 m. br. 5.2 m. h. 6.7 m. skápak kjh. 2.2 m.</p> <p>Viðbygging er við norðurhlið hússins í sambandi við inngönguskúr sem þar var. Viðbótarbyggingin er bæði hvað efni snertir og allan ytri, sem innri frágang snertir, byggð eins og húsið. Í hvorri hæðinni fyrir sig er stórt íbúðarherbergi og stigagangur. Veggvalir eru á austurhlið viðbyggingarinnar með handriði úr timbri og járnrimlám.</p> <p>Stærð: L. 6.4 m, br. 6.8 m. h. 6.7 m. skápak, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr, viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	
<p>b. Geymsluskúr, fyrir 1 bifreið til eigin afnota, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa í milli. Timburgólf er í skúrnum og allur er hann sementssléttður innan og utan.</p> <p>Stærð: L. 5.3 m. br. 2.6 m. h. 2.4 m. skápak.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>	
	<p>142.155.-</p> <p>1.950.-</p> <p>Samtals 144.105.-</p>

Möt framkvæmd: 21/4/1943.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu og með þaki úr borðasúð, pappa og járn þar yfir. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi, v.s., 2 anddyri og 2 gangar. Öll loft hússins eru úr járn-bentri steinsteypu og skilveggir þess allir úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er 2" timburgrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og öll er hæðin fímist veggfóðruð eða máluð innan. Baðherbergiveggir eru lagðir postulínsflísam í 1.5 m. hæð og á gólfi þess eru leifflísar. Sömu leiðis eru postulínsflísar á eldhúsveggjum umhverfis elda-vél og yfir eldhúsborði. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og samskonar frágangur eins og er í neðri hæðinni. Í rishæðinni er þurrkloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í hæðum hússins, nema í íbúðarherbergjum og eldhús hér er timburgólf yfir steinsteypugólfinu. Ennfremur eru í kjallaranum þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluherbergi og gangur. Tvennar steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er inngangur í kjallarann og geymsluklefar. Stigar hússins eru úr timbri og allt er það sementssléttað utan.</p>	
Stærð: L. 10.8 m. br. 8.3 m. h. 5.7 m. ris 2.5 m. kjh. 2.5 m.	
<p>Útbygging með risi og kjallara er við suðurhlíð hússins, úr samskonar efni og með sama frágangi eins og það, bæði hið ytra og innra. Þar er sitt íbúðarherbergið í hvorri hæð.</p>	
Stærð: L. 3.1 m. br. 4.1 m. h. 5.7 m. ris 2.5 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt útbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	142.080.-
	=====

Möt framkvæmd: a 1/10/1924, b og c 21/3/1940.	Metið kr.
<p>a. Ibúðarhús, einlyft, með portí, kvísti og risi, úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð, með pappa í milli. Í aðal hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búrskápur, fataskápur og 3 gangar. Gólf, loft og allir skilveggir eru úr steinsteypu, kalksléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Þiljur allar eru úr striga og pappír. Allt ýmist klætt veggfóðri eða málað. Í þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s. og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðal hæðinni, nema þiljað er hér neðan á loftbita og súðarsperrur. Gólf er á skammbitum. Þar uppi er þurrkloft. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi og skilveggjum. Þar eru 3 geymsluherbergi, þvottaherbergi, kolageymsla og gangur. Veggir og loft kalksléttað og hvíttað.</p> <p>Stærð: L. 8.5 m. br. 8.5 m. h. 4.2 m. ris 4.3 m. kjh. 2.0 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	33.049.-
<p>b. Inngönguskúr er við norðurhlíð hússins, byggður úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Skúrinn er þiljaður innan, veggfóðraður og málaður. Þar er búr, v.s. og gangur.</p> <p>Stærð: L. 2.4 m. br. 2.8 m. h. 2.2 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p>	
<p>Skúrinn er virtur á.....</p>	735.-
<p>c. Geymsluskúr er byggður við húsið og er skúrinn einnig úr steinsteypu með járnþaki á súð. Í honum er steinsteypugólf og skúrinn er hólfaður í tvennt. Báðir eru skúrarnir múrsléttaðir utan.</p> <p>Stærð: L. 3.6 m. br. 2.8 m. h. 2.3 m. skápak.</p>	
<p>Skúrinn er virtur á.....</p>	460.-

Möt framkvæmd: 1/10/1941.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, með risi og kjallara, úr steinsteypu með járnþaki á þappa og borðasúð. Í húsinu eru loft og stigar úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir og kjallaragólf eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru vikurplötur og allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar innan og olíumálaðar. Í hvorri hæð fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s. og 2 gangar. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, hliðarskápar, geymsluklefi og gangur. Hér uppi eru skilveggir úr bindingi með tvöföldum þiljum og þiljað er einnig neðan á skæmbita og innan á sperrur, allt strigalagt og veggfóðrað og málað. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, steypibaðklefi m/v.s., þvottahús, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluklefar og 2 gangar. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er geymsluherbergi og gangur inn í kjallarann. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 11.0 m. h. 5.4 m. ris 3.2 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>" útskots: L. 3.1 m. br. 0.8 m. h. 5.4 m. ris 1.8 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>86.810.-</p>

Gata og númer:

Öldugata 7a.

Möt framkvæmd: (1/10/1941.) 24/11/1947.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru loft og stigar úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir og kjallaragólf eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru vikurplötur og allar íbúðir hússins eru múrsléttadar innan og olíumálaðar. Í hvorri hæð fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s. og 2 gangar. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, hliðarskápar, geymsluklefi og gangur. Hér uppi eru skilveggir úr bindingi, með tvöföldum þiljum og þiljað er einnig neðan á skambita og innan á sperrur, allt strigalagt og veggfóðrað og málað. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, steypibaðklefi m/v.s., þvottahús, miðstöðvarherbergi, 2 geymsluklefar og 2 gangar. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er geymsluherbergi og gangur inn í kjallarann. Húsið er múrhúðað utan með skeljasandi.</p>	
Stærð hússins: L. 6.9 m. br. 11.0 m. h. 5.4 m. ris 3.2 m. kjh. 2.4 m.	
" útskots: L. 3.1 m. br. 0.8 m. h. 5.4 m. ris 1.8 m. kjh. 2.4 m.	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	86.810.-

24/11/1947.	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1. okt. 1941, sjálft húsið, en nýr sumar- bústaður hefir verið byggður.</p>	
A Ibúðarhús : L 6.9 m., br. 11.0 m., h. 5.4 m., ris 3.2 m., kj. 2.4 m.	
" Útskot : L 3.1 m., br. 0.8 m., h. 5.4 m., ris 1.8 m., kj. 2.4 m.	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	235.200.-
B. Skúr, byggður úr steinsteypu, með járnþaki, slétthúðaður, notaður til trésmíða og geymslu.	
Stærð : L 9.3 m., br. 3.2 m., h. 2.5 m.,	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	14.800.-
<p style="text-align: right;">Samtals.....</p>	<p style="text-align: right;">250.000.-</p> <p style="text-align: right;">=====</p>

Gata og númer:

Öldugata 8.

Möt framkvæmd: 2/1/1943.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð með pappa í milli. Í neðri hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, fastur skápur og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og þiljum innan á. Neðan á loftbitum eru einnig þiljur. Skilveggir eru úr bindingi, klæddir tvöföldum þiljum. Allt lagt striga og pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Gólf er úr steinsteypu. Í efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s. og gangur. Allt með samskonar frágangi sem er í aðal hæðinni. Á þaklyftisbitum er gólf. Þar uppi er þurrkloft og geymsla. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfu og skilveggjum úr sama. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, þvottaherbergi, miðstöðvarklefi og gangur. Við norðurhlið hússins eru steinsteyputröppur og undir þeim er inngangur úr steinsteypu í kjallarann.

Stærð: L. 9.0 m. br. 9.0 m. h. 6.0 m. ris 3.1 m. kjh. 2.5 m.

Inngönguskúr er byggður við austurgæfl hússins að efni og frágangi til eins og það, nema hvað þakið er úr steinsteypu og steypt handrið í kringum þakið ofan á skúrinn. Kjallari er undir honum, jafnhér húskjallaranum. Steinsteyputröppur með handriði úr sama eru við skúrinn.

Stærð: L. 2.2 m. br. 3.5 m. h. 3.3 m. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

132.250.-

Gata og númer:

Öldugata 9.

Möt framkvæmd: a og b 21/4/1936, c 21/11/1936.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, þrílyft, með risi og 2 kvistum, úr járnbentri steinsteypu, bæði útveggir, skilveggir og loft. Þ-ak er úr borðasúð, pappa, listum og steinhellum. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, vírlögðum, múrsléttuðum og allt olíumélað innan. Í neðstu hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, 2 eldhús, búr, 2 baðherbergi m/v.s., 5 geymsluskápar og anddyri og 3 gangar. Í hvorri hæðinni fyrir sig, 2. og 3. eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi m/v.s., anddyri og gangur. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., þvotta- og þurrkstofa, geymsluherbergi, fastir skápar, gangur og anddyri. Lítill kjallari er undir húsinu. Þar er miðstöðvarherbergi, 2 eldiviðaklefar og gangur. 3 veggpallar eru á húsinu. Stigar eru úr steinsteypu með líoleumdúkum. Stigaprep eru brydd með gúmmí að framan. "Elit"-yfirhúðun er á gólfum baðherbergja. Hásið er múrhúðað utan með hrafntinnublöndu.</p> <p>Stærð: L. 12.8 m. br. 10.4 m. h. 8.2 m. ris 4.4 m. Kjst: L. 6.4 m. br. 4.2 m. h. 1.8 m.</p>	
Hásið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	71.870.-
b. Geymsluskúr byggður úr steinsteypu.	
Stærð: L. 12.5 m. br. 3.4 m. h. 2.6 m.	
Skúrinn er virtur á.....	2.220.-
c. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, múrhúðaður utan og innan.	
Stærð: L. 5.0 m. br. 3.2 m. h. 2.6 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	1.050.-
	Samtals 75.140.-
	=====

Gata og númer:

Öldugata 10.

Mót framkvæmd: 21/2/1942.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft með port, kvisti og risi, úr steinsteypu með jernþaki á borðasúð, með pappa á milli. Í aðalheðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 3 gangar. Gólf og allir skilveggir eru úr steinsteypu, allt kalksléttað. Innan á úrveggjum er plankagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Loft er hér einnig úr steinsteypu, kalksléttað. Allar þiljur eru lagðar striga og pappír og allt er ýmist veggfóðrað eða málað. Í þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s. og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalheðinni, nema að hér eru skilveggir allir úr binding með tvöföldum þiljum og þiljað neðan á loftbita. Gólf er á skambitum. Þar uppi er þurrkloft. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar er þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, 3 geymsluherbergi og gangur. Þar eru skilveggir og gólf úr steinsteypu. Veggir og loft kalksléttað og hvíttað. Stærð: L. 8.8 m. br. 7.8 m. h. 4.1 m. ris 3.9 m. kjh. 2.2 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

58.550.-

Virt 16/10 1974.

Íbúðarhús.

Byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti, múrhúðað, bárujárnsþak.

1 hæð og ris, kvistur + kjallari.

Anddyri, forstofa, 3 íbúðarherbergi, kerlaug, V.C. Klæðning timbur og veggf.

Tvöfalt gler. Hurðir málaðar. Teppa á gólfum.

Þakhæð:

3 íbúðarherbergi og eldhús, baðherbergi m/ tilheyrandi. Klæðning timbur, veggfóður. Tvöfalt gler. Hurðir málaðar. Teppa á gólfum.

Kjallari:

V.C. ofl. málað, tvöfalt gler,, hurðir málaðar.

Stærðir:

1. 8,8 m., br. 7,8 m., h. 4,1 m., ris 3.9 m., kj. 2,2 m., 563 m³

Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á kr. 5.630.000

Virt:27/4.1981.Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið, hann er steinsteypdur og 71 m³ að stærð.

Skúrinn ásamt tilheyrandi er virtur á.....kr. 41.180.-

Möt framkvæmd: a 21/5/1930, b 21/5/1937.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft með 4 gluggakvistum, kvisti, porti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með jærnpaki úr borðasúð, með pappa í milli. Í húsinu eru 3 loft úr jærnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Í hvorri hæðinni fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., anddyri og gangur. Allir útveggir eru fóðraðir innan með "Heraklith"-plötum og veggir og loft hæðanna er allt múrsléttað, veggfóðrað og málað. Í þaklyfti eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s. og gangur, allt með samskonar frágangi eins og er í aðal hæðum hússins. Á skambitum er gólf og þar uppi er þurrkloft. Í baðherbergjum er innmúrað baðker, bæði þau og veggir herbergjanna eru flísalögð í venjulegri hæð og flísar eru einnig umhverfis vatnsþrær í eldhúsum. Gúmmí er á gólfum baðherbergja og aðalanddyris. Á vesturgafli hússins eru veggsvalir fyrir hvora hæð með steinsteypuhandriðum. Í kjallaranum eru 3 geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, 2 kolaklefar, þurrkherbergi og 2 gangar. Allt sementsstrokið. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er inn-gangur í kjallarann og geymsluklefi. Stigar eru úr timbri og allt er húsið múrsléttað utan.</p>	
Stærð: L. 12.6 m. br. 10.0 m. h. 6.2 m. ris 4.0 m. kjh. 2.1 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	75.107.00
<p>b. Bífreiðaskúr, úr steinsteypu bæði útveggir, gólf og þak. Hann er múr-húðaður utan og innan.</p>	
Stærð: L. 5.5 m. br. 3.1 m. h. 2.3 m. sl. þak.	
Skúrinn er virtur á.....	975.00
	Samtals 76.082.00

Gata og númer:

Öldugata 12.

Möt framkvæmd: 21/2/1942.

Metið kr.

Ibúðarhús, einlyft, með porti, kvisti og risi, úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð, með pappa í milli. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, anddyri og gangur. Gólf, loft og skilveggir eru úr steinsteypu, allt sementssléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum, lögðum striga og vélapappír, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Postulínsflísar eru á veggjum umhverfis eldavél og leirflísar á eldhúss- og anddyrególfum. Í þaklyfti eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi og gangur. Hér eru skilveggir úr binding með tvöföldum þiljum og loft úr timbri, þiljað neðan á bita. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Í baðherbergi eru postulínsflísar á veggjum, rúmlega helming af hæð þess og leirflísar eru þar yfir steinsteypunni á gólfinu. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólf og skilveggjum. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur með sama frágangi sem er í aðal hæðinni. Þó er hér timburgólf ofan á steinsteypugólfinu. Ennfremur er í kjallaranum þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, v.s. og geymsluherbergi. Tvönnar steinsteyputröppur eru við húsið og undir baktröppur er inngangur í kjallarann. Allt sementssléttað. Stærð: L. 9.0 m. br. 8.7 m. h. 4.1 m. ris 4.0 m. kjh. 2.5 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

66.605.-

Gata og númer:

Öldugata 13.

Möt framkvæmd: 21/4/1943.

Metið kr.

Ibúðarhús, einlyft, með kvisti, 3 gluggakvistum, porti og risi, úr steinsteypu með járnþaki á papp og borðasúð. 2 loft heil og hér um bil $\frac{1}{2}$ hið 3. eru úr járnþaki steinsteypu, en allir skilveggir og kjallarególf úr venjulegri steinsteypu. Í aðal hæð hússins eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, ^{búr} anddyri og 2 gangar. Í þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., fastir skápar, anddyri og 3 gangar. Innan á útveggjum eldhúss og ganganna eru korkplötur með ástrengdu vírneti, sementssléttuðu, en innan á öðrum útveggjum hússins er 2" plankegrind með tjörupappa í, listum og cellotex-plötum þar innan á. Hér um bil helmingur loftsins yfir þakhæðinni er úr timbri og þiljað neðan á loftbitana, en á þeim að ofan eru gólfborð. Báðar er hæðirnar ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Á hanbjálkalofti er þurrkaður þvottur. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, 2 v.s. og anddyri. Allt þetta er með samskonar frágangi eins og er í aðal hæðum hússins. Ennfremur eru í kjallaranum þvottaherbergi og 3 geymsluherbergi. Á veggjum baðherbergis og eldhúsa, umhverfis eldavélar, borð og vatnsskálar eru postulínsplötur. Undir linoleumdúkum eru korkplötur á öllum gólfum. Parquetdúkur er á einu herbergisgólfi í húsinu. Tvennar steinsteypuþröppur eru við húsið. Undir öðrum þeirra er geymsluklefi, en undir hinum er inngangur í aðalkjallarann. Stigar eru úr timbri. Húsið er allt sementsléttað utan.

Stærð: L. 8.8 m. br. 8.2 m. h. 4.0 m. ris 3.8 m. kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

96.930.-

Gata og númer:

Öldugata 14.

Möt framkvæmd: 1/11/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Stór kvistur er á suðurhlíð þaklyftisins. Í aðalhæð hússins eru 4 íbúðarherbergi eldhús, búr og gangur. Innan á útveggjum er plankagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Allt lagt striga og pappír. Skilveggir, gólf og loft er úr steinsteypu, allt kalksléttað. Veggir allir eru með álímdum veggjapappír, en loft, glugga- og dyraumbúningur málað. Í þaklyfti eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s., fastur skápur og gangur. Frágangur er þar að mestu leyti eins og er í neðri hæðinni. Baðherbergið hefur flísar úr leir á gólfi og veggir þess eru lagðir postulínsflísum. Á efri þakbitum er gólf. Þar uppi er þurrk-loft. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 3 geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarhitunarherbergi, v.s., kolaklefi og 2 gangar. Veggir og loft eru kalksléttað og allt hvíttað.</p> <p>Stærð: L. 12.9 m. br. 10.4 m. h. 4.3 m. ris 5.0 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurenda hússins, byggður eins og það og með samskonar frágangi utan og innan eins og húsið sjálft. Þak hans er úr steinsteypu og upp af veggjunum á 3 vegu er steinsteypuhandrið. Undir skúrnum er kjallari. Þar er inngangur í aðalhúskjallarann.</p> <p>Stærð: L. 2.6 m. br. 3.7 m. h. 4.0 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>178.150.-</p>
<p>b. Bifreiðaskúr er byggður á sömu lóð úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð.</p> <p>Stærð: L. 5.0 m. br. 3.2 m. h. 3.0 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	<p>3.480.-</p>
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	<p>181.630.-^v</p>

Gata og númer:

Öldugata 15.

Möt framkvæmd: 21/10/1930.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með porti, 2 kvistum, mansarrisi og kjallara, úr steinsteypu með eternit-þaki á papps og borðastúð. Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir allir og kjallarególf er úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á öllum útveggjum eru korkplötur með ástrengdu virneti. Í þakhæðinni eru 2 stuttir skilveggir úr bindingi með tvöföldum þiljum og þiljað er neðan á loftbíta og innan á hliðarbinding, beggja megin kvistanna, allt vírlagt og íbúðarhæð hússins í heild sinni ýmist veggfóðrað eða málað. Á skammtitum er gólf, þar uppi er þurrkloft, allt þiljað með panel innan á þaksperrur og olfuborið. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, framreiðsluherbergi, v.s., anddyri og gangur. Í þaklyfti eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi, fastur skápur, anddyri og gangur. Í kjallaranum eru 3 geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, v.s. og gangur. Allur er kjallarinn múrsléttaður innan og hvíttáður. Veggvalir eru á austurhlið hússins. Korkparket er á 3 herbergjagólfum og gangi neðri hæðarinnar. Gólf baðherbergis, v.s. og anddyris eru flísalögð. Baðherbergisveggir eru lagðir postulínsflísum og innmúrað baðker. Stigi er úr teackvið. Húsið er allt múrsléttað utan.

Stærð: L. 10.0 m. br. 10.6 m. h. 3.6 m. ris 4.7 m. kjh. 2.0 m.

Inngönguskúr er við austurhlið hússins, byggður eins og það. Þar er inngangur í eldhúsið. Geymsla er í kjallara hans.

Stærð: L. 1.3 m. br. 1.4 m. h. 2.9 m. skápak, kjh. 2.0 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

48.827.-

Gata og númer:

Öldugata 16.

Möt framkvæmd: 26/4/1945.

Metið kr.

a. Ibúðarhús, einlyft, með manzarþaki, 3 aðalkvistum og 9 gluggakvistum, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og eternitþakplötum þar yfir. Í aðalhlæð hússins eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., stórt anddyri og gangur. Gólf og loft er úr járnbentri steinsteypu og skilveggir allir úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggi eru lagðar korkplötur með ástrengdu vírneti. Allt vandlega sementssléttað og ýmist veggfóðraðeða málað. Í anddyri er timburstigi hinn vandaðisti. Timburgólf er yfir steinsteypugólfinu í stærsta herberginu og þar yfir inngreyptur, fágaður spónn. Á gólfi eldhússins og ganganna er gúmmí og veggir og borð eldhússins, v.s. og baðherbergis á þaklyfti eru lagðir vel til hálfis með postulínsflísum. Í þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi, anddyri og 2 gangar. Hér eru nokkrir skilveggir úr steinsteypu, en aðrir úr binding, klæddum borðum beggja megin. Neðan á skambitum er borðaklæðning. Innan á útveggjum er borðagrind með tvöföldu pappalagi 1, listum og þiljum þar innan á. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Millipil er í þaksperrum og skambitum, með pappa og sagspónastoppi á milli þiljanna. Á skambitum er gólf og þar uppi er þurrkloft. Kjallari með steinsteypugólfi og skilveggjum er undir húsinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Þiljað er hér innan á útveggi og allt er ýmist veggfóðrað eða málað. Ennfremur er í kjallaranum 3 geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, v.s., fastur skápur og gangur. Allt sementsstrokið. Við norðurhlíð hússins eru háar steinsteyputröppur og undir þeim inngangur í kjallarann og geymsluklefi. Allt er þetta hús sementssléttað utan. Stærð: L. 12.0 m. br. 9.0 m. h. 3.0 m. ris 4.9 m. kjh. 2.5 m.

Inngönguskúr er byggður við austurgæfl hússins, úr samskonar efni eins og húsið og með sama ytra og innra frágangi. Yfir skúrnum eru þaksvalir með háum handriðum umhverfis og undir honum er kjallari, sem myndar anddyri að íbúð aðalkjallarans. Steinsteyputröppur eru við skúrinn og undir þeim er geymsluklefi. Hann er sementssléttður utan.

Stærð: L. 2.4 m. br. 3.8 m. h. 3.5 m. sl. þak, kjh. 2.5 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

246.800.^v

Gata og númer:

Öldugata 16

Möt framkvæmd: 28/12 1978.

Metið kr.

Samræmismat.

Húsið er óbreytt að stærðum frá síðasta mati eða 908 m³

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr. 34.504.000.-

Virt:27/4.1981.

Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið, hann er steinsteyptur og 108 m³
að stærð.

Skúrinn ásamt tilheyrandi er virtur á.....kr. 62.640.-

Möt framkvæmd: (21/4/1940.) 26/11/1946.	Metið kr.
<p>a. Ibúðarhús, einlyft, með þorti, kvisti og risi, úr steinsteypu og með þaki úr borðesúð, pappa og martinet-plötum. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, 2 gangar og anddyri. 2 loft eru úr járnbentri steinsteypu og skilveggir allir úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru kork-plötur, sementsstrokna og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð. Anddyri er skrautmálað í þessari hæð og einnig gangur og hurðir. Í stærsta herberginu er parketgólf. Í þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s. og 2 gangar. Hér uppi er allur frágangur hinn sami eins og er í aðal hæðinni, nema hvað hér eru þiljur neðan á loftbitum og innan á þaksperrum. Á skambitum er gólf og þar uppi er þurrkloft. Leirflísar eru á gólfum eldhúss og baðherbergis og veggir þessara herbergja eru lagðir postulínsflísum í venjulegri hæð. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólf. Þar eru 3 geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, kolaklefi og 3 gangar. Timburstiggar eru í húsinu og er það sementssléttuð utan.</p> <p>Stærð: L. 12.0 m. br. 9.3 m. h. 3.3 m. ris 4.4 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturgöfl hússins, byggður eins og það, bæði að ytri sem innri frágangi. Yfir honum eru þakvalir úr steinsteypu með handriði úr sama efni. Við skúrinn eru steinsteyputröppur og undir þeim er geymslu-klefi.</p> <p>Stærð: L. 2.4 m. br. 3.7 m. h. 3.4 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	57.082.-
<p>b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu með járnþaki á pappe og borðesúð. Skúrinn er þiljaður innan, í honum er steinsteypugólf, og hann er múrsléttuður utan.</p> <p>Stærð: L. 5.6 m. br. 3.0 m. h. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	1.400.-
	Samtals 58.482.-
=====	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 26/11'46.</p> <p>A. Ibúðarhús: L. 12.0 m. br. 9.3 m. h. 3.3m. ris 4.4 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>" Inngönguskúr: L. 2.4 m. br. 3.7 m. h. 3.4 m. þakvalir, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>B. Bifreiðaskúr: L. 5.6 m. br. 3.0 m. h. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	283.200.-
	6.300.-
	Samtals 289.500.-
=====	

Gata og númer:

Öldugata 17.

Möt framkvæmd: 2/1/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi úr steinsteypu með jærnpaki á borðasúð, með pappa í milli. Í neðri hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi m/v.s., anddyri og 2 gangar. Í húsinu eru 3 gólf úr jærnbentri steinsteypu og skilveggir allir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum eru korkplötur og strokið er á þær sementsblöndu og allt er húsið ýmist veggfóðrað eða málað innan. Terrasso-yfirsteypa er á anddyris- og baðherbergisgólfum. Eldhússveggir eru allmikið lagðir postulínsflísum. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur allur eins og er í neðri hæðinni. Í þaklyfti eru 2 geymsluherbergi og þurrkloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir húsinu. Þar eru 2 herbergi til exportgerðar, sementsstrokin og hvíttuð innan, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, v.s. og 2 gangar. Stigar eru allir úr timbri. Húsið er allt sementssléttað utan. Útidyrhurðir eru úr teack.</p> <p>Stærð: L. 14.1 m. br. 10.1 m. h. 5.8 m. ris 3.0 m. kjh. 2.2 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	203.490.-
<p>b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og jærni. Steinsteypugólf er í skúrnum. Hann er múrsléttaður utan.</p> <p>Stærð: L. 7.0 m. br. 3.1 m. h. 2.5 m. skáþak.</p>	
Skúrinn er virtur á.....	3.240.-

Gata og númer:

Öldugata 23.

Möt framkvæmd: 21/2/1942.	Metið kr.
<p>a. Skóla- og íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í neðri hæð hússins eru 3 herbergi, kennslustofur. Í efri hæðinni eru 4 herbergi, eldhús og búr, allt þiljað með panel, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 5 herbergi, öll með sama frágangi. Milligólf er í öllum bitalögum. Kjallari er undir 1/4 hluta hússins. Þar er þvottahús og miðstöðvarherbergi og geymslur.</p>	
Stærð: L. 15.7 m. br. 8.2 m. h. 7.1 m. ris 4.0 m. kjh. 2.3 m.	
Við suðurhlíð hússins er inn- og uppgönguskúr, byggður eins og húsið.	
Stærð: L. 2.2 m. br. 2.4 m. h. 7.0 m. skápak.	
Við norðurhlíð hússins er anddyri með stigagangi. Þar eru 2 fataklefar.	
Stærð: L. 1.3 m. br. 1.6 m. h. 7.0 m.	
Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....	110.670.-
<p>b. Geymsluskúr er byggður úr binding, klæddur utan jární á langbændum, bæði á veggjum og þaki.</p>	
Stærð: L. 5.7 m. br. 5.0 m. h. 2.5 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	4.745.-
Samtals	115.415.-

Gata og númer:

Öldugata 19.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með 2 kvistum, risi og kjallara, úr steinsteypu með þaki úr borðasúð, þeppe, listum og steinhellu. Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallargólf og því nær allir skilveggir eru úr venju- legri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á öllum útveggjum eru korkplötur með ástrengdu vírneti. Neðan á skambitum rishæðarinnar eru þiljur og sömuleiðis innan á þaksperrum. Þiljur þessar eru strigalagðar og báðar eru hæðirnar ýmist veggfóðraðar eða málsðar innan. Í aðalhæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., 2 skápar, anddyri og gangur. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., anddyri og gangur. Í kjallara er þurrkhús, miðstöðvar- og þvottahús, 3 geymsluherbergi, kolaklefi og gangur. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er gangur í kjallarenn og geymsluklefi. Stigar eru úr timbri og húsið er múrsléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 12.3 m. br. 10.7 m. h. 2.9 m. ris 5.1 m. kjh. 2.1 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	100.350.-
<p>b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, bæði veggir, gólf og þak. Skúrinn er múrsléttaður bæði utan og innan.</p> <p>Stærð: L. 5.8 m. br. 3.6 m. h. 2.3 m. sl. þak.</p>	
Skúrinn er virtur á.....	2.160.-
Samtals	102.510.- ^v

Gata og númer:

Öldugata 24.

Möt framkvæmd: 21/5/1926.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með portí, kvisti og risi, úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð, með pappu í milli. Í aðal hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi eldhús, búr og gangur. Skilveggir, loft og gólf er úr steinsteypu, allt sementssléttað og með álímdum veggjapappír eða málað. Í þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi, v.s. og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðal hæðinni, að undanskildu því, að hér eru nokkrir skilveggir úr binding með tvöföldum þiljum og borðaklæðningu neðan á bitalögum. Innan á öllum útveggjum hússins er borðagrind með pappu í og listum og þiljum þar innan á, allt ýmist veggfóðrað eða málað. Á skambitum er gólf. Þar uppi er þurrkloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 4 geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi, v.s. og gangur. Allt sementssléttað.</p> <p>Stærð: L. 9.5 m. br. 8.5 m. h. 4.4 m. ris 4.5 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>Inngönguskúr er við húsið, byggður að ytra birgði til eins og aðal húsið. Á honum eru þaksvalir. Þar er gangur með steinsteypugólfi, lögðu leirflísu. Innan á útveggjum eru þiljur. Allt ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari er undir skúrnum. Þar er gangur, sementssléttaður, með steinsteypugólfi. Steinsteyputröppur eru við inngönguskúrinn og undir þeim kolageymsluklefi.</p> <p>Stærð: L. 2.2 m. br. 3.2 m. h. 3.5 m. skáþak, kjh. 2.4 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>42.826.^v- =====</p>
<p><u>Virt:16/2.1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur húsið verið tekið algerlega í gegn, meðal annars rafmagn ofl.</p> <p>Stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr</p>	<p>1.064.448.-</p>

Gata og númer:

Öldugata 25.

Möt framkvæmd: 21/10/1934.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, þrilyft, með risi, úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borða - súð. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, múrsléttaðir. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, vírlögðum og múrsléttuðum. Allar íbúðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í neðstu hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., 2 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, anddyri og 3 gangar. Í hvorri hinna efri hæðanna fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., fastur skápur, anddyri og gangur. Í rishæðinni eru 1 íbúðarherbergi, 2 geymsluherbergi, þvottahús, þurrkstofa og gangur. Stigar eru úr tré. Húsið er múrhúðað utan.</p> <p>Stærð: L. 9.5 m. br. 10.0 m. h. 8.0 m. ris 3.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	39.604.-
<p>b. Bifreiðaskúr er byggður úr steinsteypu með járnþaki á súð.</p> <p>Stærð: L. 8.0 m. br. 3.5 m. h. 2.2 m.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	930.-
	<p style="text-align: right;">Samtals</p> <p style="text-align: right;">40.534.-^v</p>

Gata og númer:

Öldugata 25 a.

Möt framkvæmd: 21/10/1934.

Metið kr.

Ibúðarhús, þrílyft, með risi, úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnþentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu, múrsléttaðir. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, vírlögðum og múrsléttuðum. Allar íbúðir hússins eru ýmist veggfóðraðar eða málaðar innan. Í neðstu hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., 2 geymsluherbergi, miðstöðverherbergi, anddyri og 3 gangar. Í hvorri hinna efri hæðanna fyrir sig eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., fastur skápur, anddyri og gangur. Í risihæðinni er 1 íbúðarherbergi, 2 geymsluklefar, þvottahús, þurrkstofa og gangur. Stigar eru úr tré. Húsið er múrhúðað utan. Stærð: L. 9.0 m. br. 10.0 m. h. 8.0 m. ris 3.0 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

37.926.-
=====Virt:27/4.1981.

Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið, hann er steinsteypdur og 93 m³ að stærð.

Skúrin ásamt tilheyrandi er virtur á.....kr. 53.940.-

Gata og númer:

Öldugata 26.

Möt framkvæmd: 2/12/1941.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með kvisti, porti, og risi, úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð, pappa og listum. Í aðal hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og gangur. Gólf og loft er úr járnbentri steinsteypu og skilveggir allir úr steinsteypu, sementssléttaðir beggja megin. Innan á útveggjum er plankagrind með pappa í og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð. Í þaklyfti eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi og gangur. Veggir baðherbergis eru lagðir postulínsflísam í 1.5 m. hæð og gólf þess er leirflísalagt, einnig eru leirflísar undir eldavélum í eldhúsunum og postulínsflísar á veggjum umhverfis þær. Hér eru skilveggir allir úr binding með tvöföldum þiljum og þiljur eru neðan á loftbitum og innan á útveggjum. Allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Á skambitum er gólf og þar uppi er þurrkloft. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi og skilveggjum. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Allt er með samskonar frágangi eins og er í aðal hæðinni. Ennfremur er þar þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi og 2 geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 9.1 m. br. 8.5 m. h. 4.2 m. ris 4.0 m. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Inngönguskúr er við vesturgöfl hússins, byggður eins og það, bæði að ytri og innri frágangi. Kjallari er undir skúrnum og í honum er inngangur í kjallarann. Við inngönguskúrinn eru steinsteyputröppur og undir þeim er geymsla.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 2.9 m. h. 3.3 m. skáþak. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Inngönguskúr hefur verið byggður yfir forstofutröppur hússins, úr steinsteypu með járnþaki á skúr, þiljaður innan, víflagður, múrsléttaður og málaður innan.</p> <p>Stærð: L. 2.8 m. h. 1.9 m. h. 3.0 m. ris 0.5 m. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	71.440.-
<p>b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu með járnþaki á langböndum. Neðan á þakbitum eru plögðar þiljur. Steinsteypugólf er í skúrnum og allur er hann múrhúðaður utan og innan.</p> <p>Stærð: L. 6.0 m. br. 3.5 m. h. 2.7 m. skáþak.</p>	
<p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	2.965.-
	<p>Samtals 74.405.-</p>

Gata og númer:

Öldugata 27.

Möt framkvæmd: 8/10/1926.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, með karnap og vatnshallaþaki, úr steinsteypu með þaki úr borðasúð, þeppe og jární yfir steinsteypuþaki. Í aðal hæðinni eru 5 íbúðarherbergi og gangur. Gólf, loft og skilveggir eru úr járnbentri steinsteypu. Innar á útveggjum er borðagrind, pappí, listar og þiljur, lagðar striga og vélapappír. Allt ýmist veggfóðrað eða málað. Kjallari með steinsteypugólfi og skilveggjum er undir öllu húsinu. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Allt með samskonar frégangi eins og er í aðal hæðinni. Í kjallaranum er geymsluherbergi. Húsið er allt sementssléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 10.4 m. br. 9.0 m. h. 3.6 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við austurenda hússins, byggður eins og það. Allur þiljaður innan og málaður og sementssléttaður utan.</p> <p>Stærð: L. 2.3 m. br. 3.0 m. h. 3.3 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>37.590.^v</p>
<p><u>Virt:27/4.1981.</u></p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggður bílskúr við húsið, hann er steinsteypdur og 49 m³ að stærð.</p> <p>Skúrinn ásamt tilheyrandi er virtur á.....</p>	<p>24.500.-</p>

Gata og númer:

Öldugata 28.

Möt framkvæmd: 21/11/1927.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með portí, 2 kvistum og risi, úr steinsteypu með jærnpaki á borðasúð, með pappa í milli. Allir skilveggir eru úr steinsteypu og 2 gólf úr jærnbentri steinsteypu. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og 2 gangar. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Í þaklyfti eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s. og gangur. Skilveggir eru hér einnig úr steinsteypu, en þiljur eru neðan á loftbitum, en að öðru leyti er frégangur hér eins og er í aðalhæðinni. Á hanabjálkalofti er 1 íbúðarherbergi, þiljað, veggfóðrað og málað og þurrkloft. Stigar eru úr timbri. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í aðalhæðinni. Auk þessa eru þvottaherbergi, v.s. og geymsluherbergi í kjallarannum. Við norðurhlíð hússins eru steinsteyputröppur og undir þeim inngangur í kjallarann og geymsluklefi.</p>	
<p>Stærð: L. 9.2 m. br. 8.4 m. h. 4.1 m. ris 4.4 m. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Inngönguskúr er við vesturgefl hússins, byggður eins og það. Þar er anddyri fyrir aðalhúsið, allt þiljað, veggfóðrað og málað. Kjallari er undir skúrnum og í honum er anddyri að kjallaraíbúðinni og geymsluklefi. Steinsteyputröppur eru við inngönguskúrinn og undir þeim er geymsla.</p>	
<p>Stærð: L. 2.0 m. br. 3.4 m. h. 3.0 m. ris 0.7 m. kjh. 2.5 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>36.844.⁴- =====</p>

Möt framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og verzlunarhús, tvílyft, með 2 kvistum, porti og risi, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í neðri hæðinni eru 2 sölubúðir með venjulegri búðarinnréttingu og sýningargluggum, 2 geymsluherbergi, allt múrsléttað og ýmist veggfóðrað eða málað. Ennfremur er hér þvottaherbergi, v.s., fastur skápur, geymsla, anddyri og gangur. Í efri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi, v.s., fastur skápur, anddyri og gangur. Í þaklyfti eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., 2 fastir skápar, anddyri og gangur. Gúmmi er á öllum stigum og stigapöllum. Í húsinu eru 2 loft úr járnþaki steinsteypu, en gólf neðri hæðarinnar og skilveggir allir á báðum hæðum og þaklyfti er úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðgrind, með pappa í listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Á skambitalofti eru 2 íbúðarherbergi, anddyri og gangur. Allt þetta er þiljað innan, veggfóðrað og málað. Í þessari hæð er ennfremur geymsluherbergi og þurrkloft. Postulínsflísar eru á veggjum mjólkurbúðar, baðherbergis og í eldhúsum, umhverfis eldhúsborð, eldavélar og vatns-skálar. Terrassoýfirsteypa er á öllum gólfum sölubúðanna, baðherbergja, anddyris neðri hæðarinnar, allra v.s. og undir gaseldavélum í eldhúsum. 4 útidyrarhurðir og 5 gluggaumurðir eru úr teackvið. 2 stigar eru úr steinsteypu, en 1 úr timbri. Húsið er sementssléttað utan.</p>	
Stærð: L. 13.1 m. br. 10.1 m. h. 7.0 m. ris 4.8 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	147.280.-
<p>b. Geymsluskúr, úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Steinsteypugólf er í skúrnum. Í honum er bifreiðageymsla og 3 geymsluklefar. 2 skilveggir eru úr timbri og 1 úr steinsteypu. Skúrinn er múrsléttaður utan og innan.</p>	
Stærð: L. 5.7 m. br. 5.1 m. h. 2.9 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	3.780.-
<p>c. Geymsluskúr, úr steinsteypu, bæði veggir, þek og gólf. Yfir steinsteypugólfinu er timburgólf og allur er skúrinn þiljaður innan með panel. Hann er múrhuðaður utan.</p>	
Stærð: L. 4.9 m. h. 2.5 m. skápak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	2.240.-
Samtals	153.300.-

Gata og númer:

Öldugata 30.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.

Metið kr.

